

Fornleifaskráning í Grindavík

1. áfangi



Elín Ósk Hreiðarsdóttir



Fornleifastofnun Íslands
FS192-02151
Reykjavík
2002

Forsíðumynd er af GK-019:002, Hrafnshúsum í Grindavík

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

<i>1. Inngangur</i>	2
<i>2. Löggjöf um minjavernd</i>	3
<i>3. Skrá yfir fornleifar</i>	5
GK-016 Hóp.....	6
GK-017 Járngerðarstaðir.....	19
GK-018 Kvíhús.....	44
GK-019 Rafnshús.....	44
GK-020 Akurhús.....	45
GK-021 Krosshús.....	46
GK-022 Hóll.....	46
GK-023 Láangi.....	46
GK-024 Gjáhús.....	46
GK-025 Garðhús.....	47
GK-026 Vallhús.....	47
<i>4. Fornleifar og byggð</i>	48
Bæjarhólar og bæjarstæði.....	48
Útihús og túngarðar.....	49
Kuml og kirkjur.....	50
Stekkir og sel.....	50
Leiðir.....	51
Útgerð og verslun.....	51
<i>5. Niðurstöður</i>	52
<i>Heimildaskrá</i>	55

Viðauki

Minjakort

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum fyrsta áfanga fornleifaskráningar í Grindavíkurkaupstað.

Svæðisskráning fornleifa fyrir Grindavíkurkaupstað var gerð fyrir sveitarfélagið síðla árs 2001 vegna nýs aðalskipulags.¹ Svæðisskráning felst í söfnun og greiningu fyrirbyggjandi heimilda um fornleifar. Hún miðar að því að gefa yfirlit um þekktar fornleifar og leggja mat á fjölda, tegundir og ástand minjastaða á viðkomandi svæði eða landshluta.

Í kjölfar svæðisskráningarinnar ákvað Grindavíkurkaupstaður að ljúka aðalskráningu fornleifa í þremur áföngum á árunum 2002 til 2003. Aðalskráning byggir á svæðisskráningunni en felst í vettvangsvinnu og miðar fyrst og fremst að því að staðsetja og kortleggja fornleifar. Þá er farið á vettvang, viðtöl tekin við staðkunnuga og gengið á alla minjastaði, þeir skoðaðir og staðsettir á korti. Tóftir eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar. Á grunni þeirra upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstöður verða mun markvissari á grunni fleiri og nákvæmari gagna.

Áður en vettvangsvinna í fyrsta áfanga aðalskráningar hófst hafði svæðisskráning leitt í ljós upplýsingar um 95 minjastaði á því svæði sem áfanginn nær til. Við skráningu á vettvangi bættist hins vegar fjöldi minjastaða við og í lok vettvangsvinnu voru þeir orðnir 200 talsins. Samtals voru skráðir 11 bæir en flestir þeirra voru aðeins smábýli og hjáleigur frá Járngerðarstöðum (sjá bæina GK-018-026) en einnig voru skráðir tveir stærri bæir; Járngerðarstaðir og Hóp. Skráðir voru 132 minjastaðir í Járngerðarstaðahverfi og 58 staðir í landi Hóps. Á smærri bæjunum voru alls staðar skráðar 1-2 fornleifar en flestir minjastaðir í nágrenni þeirra skráð með Járngerðarstöðum þar sem býlin voru í öllum tilfellum byggð úr landi þess bæjar.

Fyrsti og annar áfangi aðalskráningar voru unnir árið 2002. Í þessari skýrslu er fjallað um fyrsta áfanga skráningarinnar í landi Járngerðarstaðahverfis og Hóps. Í öðrum áfanga voru fornleifar í landi Húsatópta, Staðar og Þórkötlustaða skráðar og í þriðja og síðasta áfanga skráningarinnar, sem unninn verður sumarið 2003, verða skráðar fornleifar í landi Hrauns, Ísólfsskála og Krýsuvíkur.

¹ Orri Vésteinsson: *Menningarminjar í Grindavíkurkaupstað*, Reykjavík 2001.

Skýrsla þessi er byggð upp á sama hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar Íslands að því einu undanskildu að í henni er ekki kafli um þróun byggðar á skráningarsvæðinu. Hentugra þótti að fjalla í heild um byggðapróun á svæðinu öllu, þ.e. 1., 2. og 3. áfanga skráningar, í stað þess að slíta hana úr samhengi og taka hvern hluta fyrir sig. Byggðasaga verður því sérstakur kafli í síðustu skýrslunni (3. áfanga). Að öðru leyti er skýrslan þannig uppsett að hér á eftir fer kafli um löggjöf um minjavernd (2. kafli) og í kjölfar hans fylgir nákvæm skrá yfir fornleifar á svæðinu (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Í minjaskrá er fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum. Hnit voru tekin (með Garmin GPS 12-á stillingunni Hjörsey) á hverjum minjastað þar sem staðsetning var þekkt og eru hnitin með innan við 10 metra skekkju. Birtar eru lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í 4. kafla skýrslunar eru helstu niðurstöður skráningarinnar með samantekt um helstu minjaflokka og þar á eftir tillögur um varðveislu og kynningu fornminja á svæðinu (5. kafli).

Þessi áfangi fornleifaskráningar í Grindavíkurbreppi var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur undir stjórn Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings. Höfundur vill sérstaklega þakka heimildamönnum sínum fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna. Auk þess eru Oddi Thorarensen byggingafulltrúa Grindavíkurkaupstaðar og starfsfólki Vinnustofunnar Þverár færðar þakkir fyrir margvíslega aðstoð.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hefur lögum um verndun fornleifa verið breytt og eftirlit með framkvæmd þeirra aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001), en þar segir í 11. gr.: “Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.” Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.


Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

3. Skrá yfir fornleifar

Hér á eftir er birt skrá um þær 200 fornleifar sem skráðar voru í fyrsta áfanga fornleifaskráningar í Grindavík. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðanúmer (dæmi: GK-016:007). Í skránni er gefið yfirlit um skiptingu jarðar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða þar sé enn að finna.



32 hdr. 1840, óviss 1703.

1703: "Engjar öngvar...Flæðihætt er fyrir sauð, og líka brýtur sjófargangur túnið, og er hætt við enn meira landbroti." JÁM III, 15. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 14.

1840: "Er jörð þessi miður ræktuð en skyldi, bæði að túnnum og húsum, og er þó eigi að maklegleikum. Ekki eru tún þar eins slétt sem á Stað eða Tóttum og mega þó eigi þýfð heita. Miklar innnyttjar eru við jörð þessa af Hópinu, ef notkaðar væru. ... Í því veiðist mergð hrognkelsa eftir Jónsmessu, einnig silungur og mikill áll, en við ekkert þetta er sú ástundun höfð sem skyldi, og engir viðburðir við tvennt það síðarnefnda. Veiðzt hefir þar líka selur og lax, þótt minna fengist með jafnri viðleitni sem hið þrennt fyrst talda: þegar fiskur gengur afar grunnt, hefir þar inni þorskur fengist og þyrsklingur, en sú veiði er samt ekki teljandi ... á bæ þessum bagar vatnsleysi til neyzlu." Landnám Ingólfs III, 138-39.


1847: 33 1/3 hdr. Seld er hún í tvennu lagi (vesturparturinn og austurparturinn) eptir afsalsbréfum 8. August 1787 og 26. Januar 1791. JJ, 84.

Tvíbýli var á Hópi alla 19. öld en frá 1850 þrúbýli og var þriðji parturinn nefndur Litla-Hóp frá 1880. Af sumum er bærinn talinn hafa heitið Hof.

"Landið er því sneið af Þorkötlustaðanesinu og svo spildan samhliða landi Þorkötlustaða norður til Skógfells. Mikilið af landinu er eldbrunnið, en gróið upp aftur á allstórum svæðum. Lón það er bærinn stendur upp frá og dregur nafn af, heitir Hóp. Nú er þar hafnarmannvirki Grindvíkinga." Ö-Hóp, 1.

GK-016:001 Hóp bæjarhóll bústaður

63°50.548N 22°25.099V



"Bærinn stendur niður við sjó, við Hópið, sem hann dregur nafn af.", segir í örnefnaskrá AG. Tvíbýlt var í Hópi, en hér er vestari bærinn skráður. Stutt var á milli bæjanna og stóðu þeir báðir í húspyrpingu, um 30 m ofan við Bakkalág en 80 m suðvestan við þar sem íbúðarhúsið Hóp I stendur nú. Vestari bærinn var vestast í húsaþyrpingunni og sjást tóftir hans enn að nokkru leyti. Hann er um 30 m norðaustan við sjóvörðu 046 sem stendur fast ofan við Bakkalágina.

Bærinn er neðst í túni, rétt ofan við fjöruna (nú er þó malbikaður vegur, Bakkalág milli túns og fjöru). Umhverfis eru annars sléttuð tún.

"Sagt er að hann hafi upphaflega verið nefndur Hof, og er hér gömul goðatóft til. Sagt er að Hofsnafnið finnist í gömlum heimildum.", segir í örnefnaskrá AG.

1902: "Þar er nú tvíbýli, og er á vesturbæjarhlaðinu hús, sem sú sögn fylgir, að þar hafi verið "goðahús" í heiðni." BJ.


Samtals eru bæjarhúsin um 24 X 14 m að stærð og skiptast í 4-5 hólf. Bærinn er hruninn og hugsanlega hefur honum verið rutt út að hluta. Vestur úr bæjarhúsunum gengur 3-4 langur veggur til norðurs, líklega hluti úr kálgarði sem var norðan við bæinn. Þar austan við er skýrt hólf sem snýr norður-suður, 2,5 X 6,5 m að innanmáli (a). Þar austan við er greinilegt að hólf hafa verið en ekki er nákvæmt lag þeirra merkjanlegt nú (b). Enn vestar er annað hólf með sömu stefnu sem rutt hefur verið út að hluta (c). Norðan við það er svo fjórða hólf (d). Er það stæðilegt og tvískipt, 4,5 X 3 m að stærð og opið til austurs. Bæjartóftin er norðaustast á bæjarhólunum. Hæð veggja er mest 1,4 m en víða eru veggir nær alveg hrunir. Bæjarhóllinn sem húsin standa norðaustast á er mest um 2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 1; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46; Túnakort 1918

GK-016:002 Goðatóft tóft

63°50.545N 22°25.099V



"Austur af gömlu traðartóftinni [012] neðan bæjar er Goðatóft...", segir í örnefnaskrá AG. Goðatóft er um 20 m norðan við Bakkalág en 5 m sunnan við vestari bæ Hóps (001). Tóftin er 6-8 m austan við 012. Goðatóft er syðst (neðst) í grasi grónu og sléttuðu túni, 30-40 m norðan við fjöru.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Goðahús" svo nefnt á Vesturbæjarhlaðinu, nú fjós" - friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. - Fornleifaskrá, 13. BJ: "Bærinn Hóp í Grindavík er sagt að upphaflega hafi heitið Hof, og að þar hafi verið goðahof. Þar er nú tvíbýli, og er á vesturbæjarhlaðinu hús, sem sú sögn fylgir, að þar hafi verið

"goðahús" í heiðni. Þess vegna megi aldrei taka það burtu, en samt megi breyta því og nota það á hvern hátt sem ábúanda hagar. Hafa ábúendur fært sér þetta í nyt; "goðahúsið" hefir til skamms tíma verið geymslu-skemma, en nú er það haft fyrir fjós." Árb. 1903, 46-47. "...gamalt goðahús friðlýst, sem ekki má róta.", segir í örnefnaskrá AG.

Tóftin er einföld og snýr austur-vestur, op er syðst á vesturhlið. Tóftin er grjóthlaðin en veggir hennar eru þykkir og alveg grónir að utan. Að utanmáli er tóftin 7 X 6 m en að innanmáli 3,5 X 2,2 m. Að innan hækkar gólfflötur tóftarinnar til austurs. Veggir eru stæðilegir en helst er farið að hrynja úr vesturvegg, við op. Annars er tóftin nokkuð stæðileg, 1 m að hæð innanfrá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46; Ö-Hóp AG, 3



Goðatóft, horft til suðvesturs

GK-016:003 *Sigga* heimild um samgöngubót

63°49.684N 22°24.912V

"Beint vestur af vitanum er tangi, sem gengur til vesturs. Nafn er ekki á tanga þessum, en fram og út af honum er blindsker eða boði, sem kemur upp um fjöru og er nefndur Bóla. Austan við Bólu er Hellir, sem er rétt ofan við Hellisboða. Þar uppi á kambinum er smáhóll með skúta í. Austar á Kambinum var varða, sem nú er horfin, og hét hún Sigga.", segir í örnefnaskrá AG. "Fram af klöppunum er klettur, sem Bóla heitir, og upp af honum, uppi á kampinum var varða, sem kölluð var Sigga og var mið af sjó." segir í Sögu Grindavíkur I. "Sigga sést nú ekki nema rétt aðeins, því að sjórinn er búinn að hirða hana.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Sigga er nú alveg horfin í sjó en stóð um 1600 m sunnan við bæ (001). Vegarslóði liggur um Hópsnes og frá honum liggur slóði til vesturs að þeim stað sem Sigga stóð en þar er nú losað salt í fjörunni. Varðan stóð á sjávarbakkanum, þar sem er stórgrýtt fjara. Eftir að varðan tók að hrynja var hún hlaðin upp a m k. 2 sinnum en hrundi jafnharðan aftur. Nú er engin varða á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 43; Ö-Hóp ath

GK-016:004 *Látravarða* varða

63°49.716N 22°24.634V

"Rétt hjá Siggu [003] ofan við Kambinn er Vatnsgjá. Í henni gætti flóðs og fjöru. Þar upp frá skammt frá vitanum er Látravarða, og norður af þeim hólum heita Katlar.", segir í örnefnaskrá AG.

Látravarða var í sjónlínu frá Siggu [003], um 300 m sunnan við þar sem stórt skipsflak er í fjöru. Langur klettahryggur liggur til norðurs frá vegarslóðanum um Hópsnesið (nálægt landamerkjum við Þorbjarnarstaði). Varðan stóð á þessum hrygg, niyrst. Nú er grjóthrúga þar sem varðan var. Grasi- og mosagróið hraunlendi. Enn sést móta fyrir vörðunni en grjóthrúga er á hraunhryggnum þar sem hún stóð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóp AG, 2

GK-016:005 *Álfakirkja* örnefni huldufólksbústaður

63°50.299N 22.24.983V

"Austanvert við túnið er svonefnt Vatnsstæði...En milli Vatnsstæðis og Skiparéttar [006]...er hraunhryggur að eða strýta, sem heitir Álfakirkja.", segir í örnefnaskrá AG.

Álfakirkjan er 5-10 m vestan við vegarslóða sem liggur suður Hópsnesið. Hún er 40-50 m norðaustan við Skiparétt 006 og um 470 m sunnan við bæ 001. Kletturinn er í mosa- og grasigrónu hrauni. Hann er aflíðandi og grasivaxinn að norðan en að sunnan skín í klöppina. Frá jafnsléttu er kletturinn um 3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Hóp AG, 2

GK-016:006 *Skiparétt* uppsáturstóft

63°50.293N 22°25.045V

"Austanvert við túnið er svonefnt Vatnsstæði...Suður af Vatnsstæðinu er Skiparétt.", segir í örnefnaskrá AG. "Þetta er grjótrétt, sem skipin voru sett upp í.", segir í örnefnaskrá AG. "Skiparétt er hér um bil horfin, sést aðeins örlítið fyrir henni.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Skiparéttin er um 10 m suðaustan við bílastæði við smábáthöfn





Skiparétt, horft til norðvesturs

og 15 m norðvestan við 027. Hún er 40-50 m suðvestan við Álfakirkju 005 og 30 m vestan við vegarslóða sem liggur suður á Hópsnes. Grasivaxin slétta ofan við fjöruborðið. Hún er í hraunlendi.

Skiparéttin sést enn og er 12 X 12 m að stærð. Veggir hennar eru nokkuð hrundir, op er á vesturhlið en á austurvegg virðist einnig op sem lítur út fyrir að rutt hafi verið úr tóftinni síðar. Tóftin er einföld ef frá er talinn krókur sem er á henni austarlega við rofið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóp AG, 2; Ö-Hóp ath.

GK-016:007 *Stekkjarfjara* örnefni stekkur 63°50.210N 22°25.294V
 "Austan við bæinn að Hópi við Hópið er Hópsvör...Austan við Vörina, Hópsvör, heita Vöðlar. Þá er Stekkjarfjara og svo básar, sem heita Heimribás og Syðribás.", segir í örnefnaskrá AG. "Fyrir neðan Hópsbæina var sandvik, og austan þess hét Láginn, þá Stekkjarbakki og þar fyrir utan hétu Síkin ..." segir í Sögu Grindavíkur I. "Engin stekkjartrot eru í Stekkjarfjöru.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá Hóps.

Nú liggur vegarslóði meðfram Stekkjarfjöru og til suðurs þangað sem er verið að byggja hafnargarð. Fjaran er 600-700 m suðvestan við bæ. Stórgrytt fjara næst sjó, þá vegarslóði og þvínæst grasigróin flöt að Síkjunum. Ekki sjást stekkjartrot á þessum slóðum og ekki mundi Þorsteinn Guðmundsson eftir þeim.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 38-39; Ö-Hóp ath.

GK-016:008 *Hópsvör* örnefni lending 63°50.542N 22°25.202V
 "Austan við bæinn að Hópi við Hópið er Hópsvör.", segir í örnefnaskrá AG. "... þaðan reru Hópsbændur á fyrri tíð." segir í Sögu Grindavíkur I.

Hópsvörin var um 100 m neðan (sunnan) við íbúðarhúsin sem nú standa í Hópi en 100 m norðvestan við gamla bæinn 001. Grytt fjara, fast ofan við er malbikuð gata (Bakkalág).

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 39.

GK-016:009 *Kvíalág* heimild um kvíar 63°50.557N 22°25.323V
 "Austan við garðinn [010] í túninu er brekka, sem heitir Kinn, og rétt við hana er laut, sem heitir Kvíalág. Þar voru kvíar, þegar fært var frá.", segir í örnefnaskrá AG.

Hópsvegur liggur niður brekku vestan við tún í Hópi. Milli hans og túna voru kvíarnar áður. Þær voru 20-30 m ofan við 054 sem er við túngarð 010. Milli sléttadra túna og vegar er grasi vaxið svæði og voru tvær tóftir (sjá einnig 054) þegar Þorsteinn Guðmundsson man eftir sér.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 3

GK-016:010 túngarður 63°50.552N 22°25.004V
 "Austan við garðinn í túninu er brekka, sem heitir Kinn, og rétt við hana er laut, sem heitir Kvíalág [009].", segir í örnefnaskrá AG. Túngarðsleifar sjást enn 50-60 m ofan við eystri bæ Hóps 031. Girðing er nú austan við Hópstún en þar voru áður merki milli Hóps og Hópskots 050. Hægt er að greina hvar túngarðurinn hefur legið í vestur frá þessari girðingu en þar hefur verið sléttað yfir hann. Garðurinn liggur í grasigrónu og sléttuðu túni.

Túngarðurinn er grasigróinn og sléttað hefur verið úr honum á löngum kafla. Hægt er að sjá hvar garðurinn hefur legið til vesturs frá girðingunni, austan við Hópstún. Frá girðingunni er um 30 m kafla þar sem einungis er merkjanlegur hryggur þar sem garðurinn var. Þá verður garðurinn greinilegri og sést hann þaðan á

um 36 m löngum kafla til vesturs þar til rof er í hann og honum hefur alveg verið rutt út á 22 m kafla. Hann birtist aftur þar vestan við á 40 m kafla áður en hann verður enn aftur ógreinilegur og úr honum sléttað. Þó sést hann óglöggt í 35 m til viðbótar sem hæð í túninu, að Hópi I en þar hverfur garðurinn loks alveg. Hornsteinninn í norðvesturhorni garðsins er enn merkjanlegur í sléttu túninu miklu vestar en þær garðleifar sem sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 3

GK-016:011 Öskuhóll

63°50.572N 22°25.040V

"Austur [en Kvíalág 009] er hóll, sem heitir Öskuhóll. Hann er fullur af gamalli ösku.", segir í örnefnaskrá AG.

Öskuhóll er 10 m neðan við grjóthlaðið garðlag 045 en 2-3 m ofan við túngarðinn 010. Hóllinn er 60-70 m beint norðan við eystri Hópsbæinn 031. Hann er í sléttuðu túni. Hóllinn er grasgróinn og sléttaður. Hann er 25 X 15 m að stærð.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 3

GK-016:012 útihústöft

63°50.540N 22°25.116V

"Austur af gömlu traðartóftinni neðan bæjar er Goðatóft [002]...", segir í örnefnaskrá AG. Tóft er merkt inn á túnakort frá 1918 sunnan (neðan við) traðrnar og 10-15 m neðan við vestari bæ Hóps 001. Enn sjást leifar kofans 10-15 m norðan við sjónvörðuna 046 og 10-15 m ofan við Bakkalág. Hann er 6-8 m vestan við 002. Tóftin er neðst í sléttuðu túni, skammt ofan við malbikaða götu.



Tóftin snýr hér um bil norður-suður. Hún hefur líklega verið einföld en ekki er lengur hægt að greina norður- eða suðurveggi hennar. Hún er nú 5 X 3,5 m að stærð. Grjóthleðslur sjást innan í tóftinni en hún er þó mjög gróin og sigin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hóp AG, 3 og Túnakort 1918

GK-016:013 Langhóll heimild um huldufólksbústað

63°50.157N 22°25.128V

"Beint vestur af bænum Hópi austan við veginn er hraunhóll, sem heitir Stamphóll, og gjá inn með hrauninu á Járngerðarstöðum, austur með veginum, heitir Stamphólsgjá. Austur er Gjáhólsgjá...Austan við [Gjáhóls]gjána er Gjáhóll...Þar austur af er stór hóll, sem heitir Langhóll. Álfarnir sem þar bjuggu, sóttu kirkju í Álfakirkjuna [005]...", segir í örnefnaskrá AG.

", segir í örnefnaskrá AG.

Langhóll er fast vestan við veg sem liggur suður Hópsnes, 600-700 m sunnan við bæ 001, 100-150 m sunnan við girðingu (austur-vestur) sem girðir Hópsnesið af. Langhóll tekur við fast sunnan og austan við Síkin. Grasi gróinn hraunhóll sem liggur norður-suður en syðst beygir hann til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóp AG, 3

GK-016:014 Heiðarvarða varða samgöngubót

65°51.151N 22°24.739V

"Svæðið fyrir ofan veginn er nefnt einu nafni Hópsheiði. Það hækkar smátt og smátt. Rétt ofan við veginn er hraunklapparhóll, sem heitir Strandarhóll. Þar austur af er hæðarbrékka, sem heitir Hestabrekkur...Þar ofan við veg (Bræðratungu) utan í Hestabrekkum er komið tún nú. Uppi á þeim er varða, sem heitir Heiðarvarða. Varða þessi er innsiglingarmerki.", segir í örnefnaskrá AG. Heiðarvarðan er 1100-1200 m norðnorðvestan við bæ 001 og um 900-1000 m austan við þjóðveginn frá Grindavík. Hún er nálega beint austan við mastur sem stendur austan við þjóðveginn. Varðan er 850 m norðan við elliheimilið í Grindavík. Mosa- og grasivaxið hraunlendi.

Varðan er á gróinni hraunhæð og sést víða að. Hún er sjálf 2,0-2,5 m á hæð en 3-4 m í þvermál. Nokkuð hefur hrunið úr vörðunni, sérstaklega úr suðurhlíð hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóp AG, 4;

GK-016:015 Hesthús heimild um hesthús

63°51.671N 22°25.218V

"Skammt þar fyrir ofan [Hestabrekkur þar sem Heiðarvarða er 014] er gamall eldgígur, sem heitir Melhóll...Vestur af Melhól er einnig hæð, sem heitir Hesthús. Þar eru tættur eftir kofa, sem þar hefur verið.", segir í örnefnaskrá AG. Hesthúsið var 1200 m norðnorðvestan við bæ 001 og 350-400 m austan við þjóðveg.

Húsið var byggt í sambandi við vegargerð 1918 og því er það ekki vernduð fornleif í lagalegum skilningi. Rauður gjallhóll, á þessu svæði hefur verið mikið malarnám og ekki sjást merki um kofann. Líklegt er að hann hafi horfið í malarnám.

Hættumat: hætta, vegna malarnáms

Heimildir:Ö-Hóp AG, 4

GK-016:016 *Gálgaklettur* Þjóðsaga um aftökustað 63°53.013N 22°25.083V
"Þá rís hér upp fell, sem syðst heitir Hagafell. Þetta er frekar lágt fell. Norðan í því er klettabelti, sem heitir Gálgaklettur. Þar segir sagan, að þjófarnir úr Þjófagjá hafi verið hengdir.", segir í örnefnaskrá AG. Þjóðvegurinn norður frá Grindavík liggur milli Þorbjarnar og Hagafells. Gálgaklettur eru norðan í Hagafelli ofan við grónar fjallsrætur.

Hraunjaðarinn nær nánast upp að rótum Hagafells en þær eru grónar upp undir klettana. Meðfram fjallinu, milli þess og hraunsins liggur vegarslóði í austur-vestur frá þjóðvegi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hóp AG, 4

GK-016:017 *Selháls* seltóft

63°52.300N 22°25.401V



"Vestan úr Hagafelli er hraunkvísl, sem eins og steypist fram af fellinu. Það heitir Gráigeiri, og er gamalt fiskimið Melhóll í Gráageira. Þar vestan í fellinu er svonefndur Selháls, sem vegurinn liggur yfir...Selháls er hryggur, sem tengir saman Hagafell og Þorbjörn. Þetta er sunnan við Dagmálaholtið. Dagmálholt mun vera kennt við eyktamark frá selinu á Baðsvöllum [sel frá Járngerðarstöðum skv. Jarðabókinni]. Einnig er Selháls kenndur við það sel...Fast við veginn eru seltættur, sem virðast yngri en hin selin.", segir í örnefnaskrá AG.

Selið er enn greinilegt 10-20 m austan við þjóðveg norður frá Grindavík og um 700 m sunnan við afleggjara frá

sel, horft til norðvesturs



þjóðvegi að orkuveri. Tóftin er á aflíðandi hæð en austar tekur við brött hlíð. Umhverfis er mosa-, grasi-, og lyngivaxið. Seltóftin er þrískipt. Hún er tæpir 12 m á lengd en 4,5 m á breidd. Op eru á suðurveggjum allra hólfanna en ekki er greinilegt op á milli þeirra. Tóftin er gróin að utan en grjóthleðslur sjást að innan.

Hættumat: hættu, vegna vegar

Heimildir:Ö-Hóp AG, 5

GK-016:018 heimild um samgöngubót 63°50.259N 22°25.259V

1840: "Ós er út úr Hópinu rétt í útsuður ... hafa bændur fyrrum hér í Grindavík eftir tilmælum kaupmanna og fyrir litla þóknun grafið ósinn dýpri, þó enn sé hverju haffæru skipi ófær, sökum þess hvað grunnur hann er. Mætti þó með litlum kostnaði hann dýpri gjöra, svo þiljubátar og smærri fiskiskip örugg haft gætu þar inni hæli og flúið þangað í viðlögum. Kæmust stærri skip inn í Hópið, er þar ein sú bezta skipalega, er fást kann." segir í sóknarlýsingu.

Hópinu hefur nú verið gjörbreytt og það grafið fram og dýpkað. Samkvæmt Þorsteini Guðmundssyni er líklegast að umræddur staður hafi verið á svipuðum stað og nú liggur hafnargarður frá smábátahöfn að vegarslóða sem liggur meðfram Stekkjarfjörðu/Stekkjarkakka 007. Höfn Grindvíkinga.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir:SSGK, 138-39.

GK-016:019 varða samgöngubót 63°50.940N 22°24.250V

Sjómerki "3 m austan við girðingu í apalhrauni. Sjómerki. Úr grjóti, 2x2 m (A-V) og 2,2 m hátt. Vel hlaðið. Sjómerkið vísaði leiðina fyrir Járngerðarstaðahverfi inn á Járngerðarstaðasund." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Varðan er um 200 m norðnorðvestan við 051 og 70-80 m neðan sunnan við girðingu sem girðir af neðri hluta heiðarinnar. Varðan er í grónu hraunlendi. Hún er rúmir 2 m á hæð (2,2) og 2 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Suðurstrandarvegur nr. 2300:12

GK-016:020 *Skógafellsleið* heimild um leið 63°50.652N 22°25.604V

"Frá NV enda íþróttasvæðis yfir hraunið í norðurátt. Ca. 400 m austur af veginum frá Grindavík til Keflavíkur. Fornleið. Leiðin er ca. 1 - 2m breið og 0,2 - 0,4 m djúp. Leiðin er hlykkjótt og liggur yfir grasi gróna bala, hraunhóla og urð. Hún er mjög greinileg, en þó talsvert blásin á köflum. Nokkrar vörður varða leiðina þar sem hún var skoðuð, sumar fallnar, aðrar heilar og jafnvel endurhlaðnar í seinni tíð. Syðst, við íþróttaleikvanginn, er mjög stór varða. Minnir hún einna helst á sjómerki. Er hún hlaðin af listamanni fyrir nokkrum árum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Fast norðan við Austurveg, þar nálega til móts við þar sem Mánagata kemur á veginn er nýlegt minnismerki þar sem Skógarfellsleið lá. Leiðin lá frá merkinu og til norðvesturs út hraunið og hafa nokkrar af vörðunum sem voru á þessari leið verið endurhlaðnar. Afleggjari þessi lá á hina eiginlegu Skógfellsleið sem einnig var nefnd Vogavegur og liggur frá Þórkötlustöðum, austur fyrir Stóra-Skógfell og í Voga eins og nöfnin gefa til kynna. Skilti eru á leiðinni á nokkrum stöðum. Leiðin liggur að mestu um hraunlendi.

Hér er lýst afleggjara af Skógfellsleið GK-011:018 í átt að Hópi og Járngerðarstaðahverfi. Gönguleið er nú á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Suðurstrandarvegur nr. 2300:18

GK-016:021 *Vötnin* heimild um þvottastað 63°50.520N 22°25.158V

"Þar fyrir neðan [Draug] voru Vötnin og Vatnangi, en í Vötnunum var þveginn þvottur frá Hópi." segir í Sögu Grindavíkur I.

Vötnin og Vatnangi voru beint sunnan (neðan) við þar sem innsiglingarvarðan 046 stendur nú.

Miklar hafnarframkvæmdir hafa átt sér stað á þessum slóðum og ummerki um þvottastaðinn eru löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 38.

GK-016:022 *Stekkarvarða* 63°49.719N 22°24.867V

"Þar fyrir utan [Hópsvör] er Stekkjarvarða og síðan Hellir ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

Um 50 m norðan við gatnamót á vegarslóðanum sem liggur út í Hópsnes austast er hleðsla á hól. Hóllinn sem varðan stóð á er fast sunnan við vegarslóðann. Hún er alveg hrúnin og en vel sést hvar varðan hefur staðið. Grjóthryggur er á kletthrygg, í grónu hraunlendi. Hryggur er um 1,5 m í þvermál en 0,2 m á hæð. Hún hefur væntanlega verið kennd við sama stekk og Stekkjarfjara 007.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 39.

GK-016:023 *Markasteinn* áletrun landamerki 63°49.521N 22°24.397V

"Skammt þar frá, sem Sigga [003] stóð, er nú Hópsviti, en í flæðarmálinu niður undan honum er stór steinn, sem heitir Markasteinn, og eru þar landamerki Hóps og Þórkötlustaða. Í hann eru klappaðir stafirnir LM og eiga að sýna, að þar séu landamerki." segir í Sögu Grindavíkur I.

Steinninn var á merkjum um 2 km suðsuðaustan við gamla bæinn á Hópi 001. Steinninn var beint suður af víta sem er í Hópsnesinu á þessum stað. Samkvæmt Þorsteini Guðmundssyni hefur steinninn færst til í sjógangi. Stórgrýtt fjara er á þessum slóðum en steinninn fannst ekki við leit.

Hættumat: hætta, vegna sjávarágangs

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 43.

GK-016:024 *Vatnangi* heimild um vatnsból 63°50.521N 22°25.157V

"Fram af [Kvíalág 009] heitir Vatnangi, en þangað sóttu húsfreyjur á Hópi vatn í kaffið, og þótti hvergi betra vatn á þessum slóðum." segir í Sögu Grindavíkur I.

Vötnin og Vatnangi voru beint sunnan (neðan) við þar sem innsiglingarvarðan 046 stendur nú. Miklar hafnarframkvæmdir hafa átt sér stað á þessum slóðum og ummerki um vatnsbólíð eru löngu horfin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 65

GK-016:025 *Melber* heimild um bústað 63°50.609N 22°25.166V

Í manntali 1703 er getið um hjáleigu á Hópi en hennar er ekki getið í jarðabók frá sama ári né öðrum heimildum. Frá 1880 og fram yfir aldamótin er þriðja býlið á Hópi nefnt Litla-Hóp í manntölum, og á kortum er sýnt Hópskot suðaustan við bæinn.

Melber er merkt inn á túnakort frá 1918. Það var um 160 m norðnorðvestan við bæ (001). Bærinn stóð

rétt norðan við þar sem gamalt bárujárnshús stendur nú, rétt norðan við íbúðarhúsið á Hópi I. Þar sem bærinn stóð eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Manntal 1703

GK-016:026 vegur leið

63°50.543N 22°25.114V

Tröð lá niður túnið í Hópi og er hún merkt inn á túnakort frá 1918. Enn sjást merki um tröðina vestan í bæjarhólnum og má greina hvar hún beygir meðfram bæjarhólnum til austurs. Sléttuð tún eru umhverfis.

Tröðin er greinileg á um 16 m kafla vestan í bæjarhólnum og beygir meðfram honum sunnanverðum. Á þessu svæði hefur tröðin mótast af bæjarhólnum að austan en hlaðið hefur verið upp með henni að austan. Ofar í túninu, þar sem tröðin hefur verið sléttuð var hlaðið beggja vegna hennar. Hleðslur er 1 m á breidd en 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:027 hleðsla

63°49.706N 22°24.861V


Um 20 m austan við 022 er annar hraunhóll og á honum eru leifar af fiskikofa. Kofinn hefur verið um 20 m sunnan við vegarslóða sem liggur suður í Hópsnes og 30 m austan við gatnamót sem eru á slóðanum sunnarlega. Grasi- og mosavaxið hraunlendi.

Ekki sjást nú mikil ummerki um kofann sem var aldrei mikið mannvirki heldur aðeins hleðslur á tvo vegu upp við klettadranga. Veggirnir eru nú hrundir og ekki er lengur hægt að greina þá eða nákvæma lögun tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:028 tóft

63°50.279N 22°25.035V




Tóft er um 10 m norðan (norðvestan við) við vegarslóðann sem liggur suður Hópsnes. Tóftin er 500 m sunnan við bæ og 15 m suðaustan við Skiparétt 006. Hún er 50-60 m suðsuðvestan við Álfkirkjuna 005. Tóftin er á grasi gróinni flöt ofan við sjávarborðið. Hún er grjóthlaðin. Mikið af grjóti hefur fallið inn í tóftina, sérstaklega norðan megin. Að utanmáli er tóftin 7 X 4 m en að innan 4 X 1,8 m. Ekki er greinilegt op á tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:029 tóft

63°50.177N 22°25.127V



Nyrst á Langhól 013 er tóft. Hún er um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur suður Hópsnesið, um 100 m sunnan við girðingu sem girðir Hópsnesið af. Tóftin er á mosa- og grasivöxnum hraunhrygg. Austan við er gróið hraunlendi en vestan við er grasi gróinn blettur að Síkjunum.

Tóftin er vandlega hlaðin og stendur að mestu enn. Hún er mest 1,8 m á hæð og er tvískipt. Nyrðra hólfíð er stærra eða 2 X 3,5 m að stærð og op virðist hafa verið á norðurvegg þess sem er nú nokkuð hruninn. Að baki (sunnan við) er annað hólf minna (um 2 X 2 m) og er það niðurgrafið. Kemur það skakkt á nyrðra hófið og nær því lengra til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:030 brúarhleðsla

63°50.191N 22°25.163V



Bogadregin grjóthleðsla yfir hálf Síkið er 60-70 m vestan við veginn sem liggur suður Hópsnes. Hún er 40 m norðvestan við 029 og norðurenda Langhóls. Brúin liggur út í grunnt síki sem er milli hraunjaðars og sjávar.

Hleðslan er 20-30 m löng en 1-1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

brú, horft til vesturs

GK-016:031 Hóp heimild um bústað

63°50.537N 22°25.045V

Inn á túnakort frá 1918 er merktur eystri bærinn í Hópi. Hann stóð um 30 m austan við Vestari bæinn 001, nálægt því þar sem útihús standa nú. Eystri bærinn hefur staðið þar sem norðausturhorn fjárhúsanna er og náð lengra til norðurs.


Bærinn stóð að hluta þar sem fjárhúsbygging stendur nú. Hann hefur þó náð lengra til norðurs þar sem nú eru tún. Í umræddu túni sést á einum stað glitta í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Túnakort 1918**GK-016:032** útihústóft

62°50.544N 22°25.069V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihúsamastæða milli vestari-(001) og eystri (031)bæjar á Hópi. Hún hefur verið 10-15 m vestan við útihús úr bárujárnri sem nú stendur á svipuðum slóðum og 031 var áður. Þar er nú tóft.


Útihústóftin er á grasi grónum bæjarhól neðst í sléttuðu túni. Erfitt er að greina nákvæma lögun húsanna. Hægt er að greina 4-5 hólf sem eru mjög misskýr en samtals er svæðið um 19 X 17 m að stærð. Nokkrar grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni og er hæð veggja mest 1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Túnakort 1918**GK-016:033** Gerðatóft þúst útihús

63°50.550N 22.25.050V

Fast norðan við 032 er útihús merkt inn á túnakort frá 1918. Sléttað hefur verið yfir útihúsið en þó sjást enn skýr merki þess um 20 m norðan við útihús úr bárujárnri sem enn stendur. Útihúsið var fast ofan (norðan) við bæjarhólinn, neðarlega í sléttuðu túni.

Þrátt fyrir að sléttað hafi verið yfir húsið má greinilega merkja útlínur þess. Það hefur verið 12 X 8 m að stærð og virðist hafa verið einfalt. Út frá vesturhlíð þústarinnar má greina hæð í túninu þar sem garðlag virðist hafa verið. Liggur það í 7-8 m til vesturs áður en það beygir til norðurs og liggur í um 25 m áður en það verður alveg ógreinilegt. Austan frá þústinni má einnig greina hæð sem liggur 10 m til norðurs en beygir þá til norðausturs og liggur í 10 m í viðbót áður en hún verður óskýrari aftur. Mun þetta vera gerðið sem húsið var kennt við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Túnakort 1918**GK-016:034** gerði kálgarður

63°50.518N 22°25.065V

Hluti af kálgarði, sem merktur er inn á túnakort frá 1918, sést enn. Aðeins sést einn kantur gerðisins (þ.e. eystri norður-suðurveggurinn), um 20 m norðan við Bakkavör og nær hann langleiðina upp að fjárhúskofa úr bárujárnri sem nú stendur á þessum stað. Gerðið er neðst í sléttuðu túni.

Eystri norður-suðurveggurinn er nú um 20 m á lengd. Hann er rúmur 1 m á breidd neðst en 0,4 m efst. Mest er hann 0,8 m á hæð. Hann er grjóthlaðinn en gróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:**Túnakort 1918**GK-016:035** gata leið

63°50.603N 22°25.036V

"Gömul, rudd leið liggur úr túni á Hópi til austurs óræktina, í átt að Þórkötlustöðum. Leiðin liggur til austurs í svipaðri hæð í túninu og Hópsbæirnir standa nú. Slóðinn liggur í jaðri túnsins og í um 50 m áður enn hann kemur að girðingu sem girðir af Hópstún og vegi sem liggur þar til suðurs að Bakkavör. Slóðinn er svo aftur greinilegur austan vegarins og þar liggur hann út hraunið til austurs.

Slóðinn er 2,5 m á breidd og er um 0,2 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:036 útihúsbúst

63°50.570N 22°25.214V

Búst er í túni um 40 m suðaustan við Hóp II/Sjónarhól og um 40 m sunnan við heimreiðina sem liggur á milli íbúðarhúsanna á Hópi. Allt umhverfis eru sléttuð tún.

Greinilega má sjá útlínur tóftarinnar í túninu og svo virðist sem hún hafi verið 12 X 7 m á stærð. Hún virðist hafa verið tvískipt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:037 gerði kálgarður

63°50.540N 22°25.085V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 umhverfis 002. Á þessum stað var hlaðið gerði en nú sést aðeins um 5 m kafli af því. Það er 6-8 m norðan við slóða sem liggur frá Bakkalág og að útihúsinu sem nú stendur (á svipuðum stað og eystri bærinn stóð 031). Gerðið er um 10 m austan við 002. Það er í neðst í sléttuðu túni, neðan við bæjarhúsin.

Gerðið er grasi gróið en það hefur nú að mestu verið skemmt. Enn sést um 5 m langur kafli, en tæpur 1 m á hæð en 0,8 m á breidd. Það er hlaðið úr grjóti en grasi gróið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-016:038 heimild um kálgarð

63°50.552N 22°25.099V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918, fast norðan við bæ (001). Heimildamaður man eftir gerði á þessum stað en úr því hefur nú verið sléttað. Allt í kring eru sléttuð tún.


Frá bæjartóftinni 001 gengur hlaðinn veggur 3-4 m til vesturs (sjá 001) og er hugsanlegt að það séu leifar kálgarðsins. Aðrar leifar eru ekki merkjanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-016:039 hleðsla

63°50.201N 22°25.271V



Vegarslóði liggur meðfram Stekkjarfjöru 007 þangað sem er verið að byggja sjávarvarnargarð. Norðan við vegarslóðann er grasigróin flöt milli hans og Síkjanna. Hleðsla er syðst á þessari grasflöt og vegarslóðinn fer yfir hana að hluta. Grasi gróið hraunsvæði milli fjöru og síkja norðan við.

Um er að ræða L-laga hleðslu sem er 11 X 6 m að stærð. Austan við hana er hleðsla sem virðist hafa verið hlaðin undir e.k. kofa. Þessi upphækkun er 12 X 10 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:040 frásögn af fiskikofa

63°50.068N 22°25.199V

Þorvaldur Guðmundsson man eftir fiskikofa 800-900 m austan við bæ (001), á Hópsnesinu. Kofinn stóð við sjávarmálið, rétt austan við Stekkjarfjöru og Síkin. Á svipuðum slóðum hefur verið gerður vegarslóði að fjörunni en ummerki um kofann eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:041 hleðslur

63°50.169N 22°25.068V



Hleðsluleifar eru í hrauninu á Hópsnesi. Þær eru um 50 m norðan við kofa í Langhól 013 og um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur suður Hópsnesið. Hleðslurnar eru um 700 m sunnan við bæ 001. Grasi- og mosavaxið hraunlendi.

Mikið er um hleðslur í hrauninu á þessum stað, sumar hverjar greinileg hólf en aðrar ógreinilegar. Allt í allt eru fleiri en 20 tóftir eða hólf þarna. Svæðið eru um 50 m í þvermál. Hleðslurnar eru mest um 1 m á hæð. Hugsanlega hafa þetta verið herslugarðar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

hleðslur, horft til austurs

GK-016:042 Draugur örnefni draugur

63°50.563N 22°25.317V

Inn á túnakort frá 1918 er merktur "Draugur" sem var klettadrangi í túninu á Hópi. Kletturinn var 50 m norðvestan við húshorn Sjónarhóls. Öll ummerki klettsins eru horfin. Nú eru sléttuð tún á þessum stað.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-016:043** tóft

63°50.478N 22°24.988V



tóft, horft til suðvesturs

Norðan við Bakkalág er tóft. Hún er fast norðan við



Ljósastaur

sem er við götuna (Bakkalág). Austan og vestan við tóftina eru vegaslóðar að fiskvinnsluhúsi sem er rétt norðan við tóftina. Malbikuð gata er sunnan við tóftina, vegarslóðar austan og vestan við hana en malbikuð plan norðan við hana.


Einföld tóft, hlaðin á þrjá vegu, opin til vesturs. Tóftin er 10 X 8 m að stærð, grjóthlaðin en gróin. Hún er niðurgrafin, hæð utanfrá mest 0,4 m en innanfrá er hæð mest 1,2 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda**GK-016:044** tóft

63°50.614N 22°25.068V

Um 50 m sunnan við efra sjómerkið við Hópstún 047 og 40-50 m vestan við girðingu sem girðir af tún á Hópi, er tvískipt tóft. Hún er um 30 m ofan við grjóthlaðinn garð (045) sem liggur austur-vestur í túninu og um 100 m norðaustan við bílskúr við Hóp I. Tóftin er efst í sléttuðu túni en ofar er gróið hraunlendi.

Tóftin er tvískipt og snýr norður-suður. Hún er 5 X 8 m að stærð, op hefur verið á suðurvegg hennar og einnig milli hólfanna. Nyrðri hluti tóftarinnar er mun stæðilegri og alveg grjóthlaðinn en syðri hlutinn er hruninn að hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-016:045** garðlag

63°50.605N 22°25.152V

Grjóthlaðið garðlag er greinilegt í túni á Hópi. Það er fast austan bílskúr við íbúðarhúsið á Hópi og 70-80 m ofan við 001. Garðurinn liggur um grasivaxin, sléttuð tún.

Garðurinn liggur til austurs frá bílskúr við íbúðarhúsið á Hópi til (norð)austurs í um 40 m. Þá er um 5 m rof í garðinn en svo heldur hann áfram og beygir eilítið og heldur áfram til (suð)austurs í 75 m áður en hann beygir skarpt til suðurs (um 15 m vestan við girðingu og vegarslóða) og liggur í hlykkjum suður túnið í 30 m til viðbótar. Eftir það má sjá um 30 m kafla til viðbótar þar sem rutt hefur verið úr garðinum en greinilega sér þó hvar hann hefur legið. Eftir það hverfa ummerki um garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**GK-016:046** varða

63°50.533N 22°25.136V

Innsiglingavarða er neðst í túni að Hópi, um 20 m suðvestan við bæjartóftirnar (001 o.fl.) og fast norðan við Bakkalág. Varðan er beint vestan við 021. Sunnan við neðri innsiglingavörðuna er malbikuð gata og fjara en norðar sléttuð tún. Varðan er nýlega hlaðin og steipt, Hún er 4-5 m í þvermál en 4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda**GK-016:047** varða

63°50.632N 22°25.071V

Vegur liggur frá Bakkalág til norðurs austan við Hópstún, 5-10 m vestan við slóðann er efri innsiglingarvarðan í túninu. Hún er um 50 m sunnan við Austurveg. Hún stendur á grónum hraunhrygg. Varðan er nýleg, hlaðin og steipt. Hún er 5 m í þvermál en 3-4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda**GK-016:048** heimild um herminjar

63°50.132N 22°24.388V

"Austan við Gjána er Gjáhóll. Þarna hafði herinn fylgsni í síðasta stríði." segir í örnefnaskrá.

Svæðinu hefur nú verið umturnað. Gjáin var eftir stríð notuð sem öskuhaugar en svo sléttað yfir og sáð. Staðurinn er á Hópsnesi, um 1 km norðaustan við bæ (001). Gróið hraunsvæði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:049 heimild um útihús

63°50.444N 22°24.890V

Um 10 m austan við malbikað plan sem er framan við fiskvinnsluhús (við Bakkalág) er lítið tún. Vestast á því er eins og megi greina gerði. Það er á litlum grasbletti og er 27 X 7 m að stærð, gróið að innan. Veggir eru um 1 m á breidd en ekki er hægt að sjá nákvæma lögun gerðisins og hugsanlegt að stór hluti þess sé einungis ruðningur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:050 Hópskot heimild um býli

63°50.509N 22°24.942V

Hópskot er merkt inn á túnakort frá 1918. Kotið var 100-120 m austan við 001. Þar standa nú útihús úr bárujárnri og steypu. Kotið hefur verið fast vestan við götu sem liggur frá Bakkalág og meðfram túnunum Hóps til norðurs. Bærinn var 50-60 m norðan við Bakkalág. Nú er útihús þar sem bærinn stóð, umhverfis það eru tún en austan við er vegarslóði og síðar malbikað plan fiskvinnsluhúss. Ekki sjást nú ummerki nú bæinn. Í götuslóðanum sem liggur fram hjá bárujárnskofanum má þó sjá hleðsluleifar á einum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-016:051 varða

63°50.845N 22°24.096V

"Upp við girðingu umhverfis tún. Efst á hraunhól. Í hrauni. Sjómerki. Úr grjóti, 3,2 x 4 m (A - V) og 2,5 m hátt. Vel hlaðið. Ofan á sjómerkinu er fúinn tréstaup. Sjómerkið vísaði leiðina fyrir Þórkötlustaðahverfi inn á Þórkötlustaðasund." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.


Varðan er 10 m ofan við sléttuð tún, norðaustan við hesthúshverfi. Ofan við tún er 10 m breitt hraunsvæði, þar ofan (norðan) við er girðing og er varðan fast ofan við hana. Varðan er um 1 km frá bæ (001). Varðan er í grónu hrauni. Varðan er 2,5 m á hæð og er fúinn staup upp úr henni miðri. Hún er 3-4 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Suðurstrandarvegur 2300:11

GK-016:052 hleðsla

63°50.593N 22°24.916V




Hleðsluleifar sjást á hól um 200 m austan við Hóp I. Austan við tún í Hópi er girðing en fast austan við hana er vegarslóði að Bakkalág. Austan við vegarslóðann er gróið hraunlendi og þar, 70 m austan við vegarslóðann, er hleðslan. Gróið hraunlendi. Hleðslan er á hól sem er rofinn að norðan en annars er hann mosagróinn.

Hleðslan er L-laga, 7 X 3 m að stærð. Hún er nokkuð hrunin og mest 1,2 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:053 gerði

63°50.495N 22°24.281V



Leifar gerðis eru um 650 m austan við 001 og 170-180 m sunnan við Austurveg. Gerðið er fast vestan við óskýran vegarslóða sem liggur frá Austurvegi að olútönkum. Hraunlendi, gróðurlítið nema norðan við gerðið.

Gerðinu er skipt upp í nokkur hólf. Það er hlaðið úr smáu grjóti og sýnist nýlegt, hugsanlega einungis hlaðið undir girðingu. Gerðið er 23 X 13 m að stærð og virðist skiptast í 4 hólf. Líklegt er að þetta séu leifar einhvers konar kálgarðs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:054 frásögn af tóft

63°50.553N 22°25.317V

Þorsteinn Guðmundsson man eftir tóft þar sem nú er vegur sunnan við tún í Hópi. Gatan Hópvegur liggur á svipuðum stað niður brekku í átt að sjó. Milli sléttaðra túna og vegar er grasi vaxið svæði og voru tvær tóftir (sjá einnig 009) þegar Þorsteinn Guðmundsson man eftir sér. Umrædd tóft var 20-30 m neðan við 009 og það er nú dæld í hæðina sem er milli túna og

malbikaðrar götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:055 heimild um fiskikofa

63°50.508N 22°25.056V

Þorsteinn Guðmundsson man eftir hlöðnum fiskikofa þar sem Bakkalág liggur nú. Kofinn var nálægt innsiglingarvörðu 046 og 10-20 m suðaustan við enda kálgarðs 034. Malbikaður vegur er nú þar sem kofinn var, sunnar er fjara en ofar sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-016:056 heimild um bænhús

Í bréfi um byggingu jarða Skálholtsstóls í Grindavík frá 1563 er boðið að breyta bænhúskúgildum þeim sem voru á Hrauni, Þórkötlustöðum og Hópi í leigukúgildi (DI XIV, 201) og gæti það verið vísbending um bænhús á Hópi. Engar vísbendingar eru uppi um staðsetningu bænhússins og var því ekki hægt að staðsetja það innan Hópsjarðar. Líklegast er þó að það hafi verið í námunda við bæjarstæðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI XIV, 201

GK-016:057 *Hópsnes* heimild um býli

6350438N 2224909V

Inn á túnakort frá 1918 er býlið Hópsnes merkt. Það var um 140 m suðsuðaustan við Hópskot. Húsið hefur verið í námunda við þar sem nú er fiskvinnsluhús við Bakkalág. Heimildamaður segir bæinn hafa staðið á hól sem notaður var í vegargerð á 7. áratugnum og bærinn sé því í raun kominn í veginn. Hann segir þó leifar útihúss sem stóð 5-10 m norðvestan (049) við bæinn sjáist enn.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-016:058 heimild um útihús

6350497N 2224948V

Um 20 m suðaustan við Hópsnes (057) er merkt útihús inn á túnakort frá 1918. Húsið stóð þar sem nú er frýstihús og malbikað plan framan við. Heimildamaður man eftir tættum og leifum kálgarðar á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-017 Járngerðarstaðir

125 hdr. 1847, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar.

"Selstöðu hefur jörðin og brúkar þar sem heitir Baðsvellir...Hjáleigur: Vallarhús, Lambhús, Kvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Gjáhus, Krosshús, Garðhús, Hlaðhús. Búðir til forna: Gullekra (tómthús), Krubba (tómthús) og Litlu Gjáhus." JÁM III, 15.

1703: "Heimræði er árið um kríng og lending í betra lagi...Engjar öngvar." JÁM III, 16. "Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér." Ó-Járngerðarstaðir SS, 1.

1803: Hjáleiga: Nyrðra-Garðshorn,

1840: "Eigi er fagurt á Járngerðarstöðum, því þó þar ei sé ýkja illa húsað, þá stendur bærinn og allt hverfi þetta nema Krosshús niður í dæld eða dalverpi, og er þaðan hvergi víðsýnt.- Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar núverandi bónda sr. Einari Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. - Bæði í túninu og utantúns

eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka væri og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landkosta fram yfir Stað og Húsatóttir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins og líka þar er grasgefnastrútan, þó eigi megi hagar heita. Mætti þó halda þar fáum skepnum heima á sumardag, hvað ekki má heita mögulegt á Stað og Húsatóttum." Landnám Ingólfs III, 137-138

1847: Hjáleigur eru: Kvíhús, Rafnshús, Akurhús, Krosshús, Hóll, Lángi, Gjáhús, Garðhús og Vallhús. JJ, 84. Stundum talað um Járngerðarstaðahverfi.

GK-017:001 *Járngerðarstaðir* bæjarstæði bústaður

63°50.153N 22°26.763V

1840: "Tvíbýli er á heimajörðinni og fylgja hverjum parti 5 hjáleigur..." segir í sóknarlýsingu. Elsta úttekt bæjarins er af Vesturbænum frá 1882. Þar voru þá baðstofa (8x5,5 al.), göng (4x1,5 al.), Bæjardyr (6x2,25 al.), skáli (7x3 al.), eldahús (9x4 al.), búr í norðurenda baðstofu (4x5,5 al.), fjós m. 3 básum, hesthús f. 3 hesta, heyhús (8,5x3 al.), smiðja (7x3 al.), sjómannaþúð, fiskhjallur, húsagarður með bæjarrönd (50 fðm), túngarður 160 fðm og traðargarður 85 fðm og kálgarður.



Járngerðarstaðir, horft til norðurs

Íbúðarhúsið sem nú stendur á Járngerðarstöðum og merkt var inn á túnakort frá 1917

(Vesturbær) var byggt á síðasta áratug 19. aldar. Húsið er nýlega

uppgert og byggt hefur verið við það að norðan, austan og vestan. Um er að ræða bárujárnsklætt timburhús með hlöðnum kjallara. Að sögn eiganda er húsið elsta hús Grindavíkur sem enn er búið í. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ 1847, 84; Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; SSGK, 137 og Saga Grindavíkur II, 57-58.

GK-017:002 *Skjalda* heimild um útihús/býli

63°50.112N 22°26.942V

1840: "Eyðikotið kallast Skjalda og liggur í útnorður út við túngarðinn." segir í sóknarlýsingu.

Líklegast er að Skjalda hafi verið þar sem seinna var byggt útihús við túngarð. Útihúsið var sambyggt við túngarð vestan við bæinn, norðvestan við heimreið. Húsið var 45-50 m vestan við Vesturbraut. Það var innanúts, við túngarð 026. Enn má greina hvar húsið hefur staðið þó að sléttað hafi verið yfir það. Útlínur eru um 2 m innan við túngarðinn. Norðan við eru sléttuð tún, sunnan við túngarðinn er gróið hraunsvæði.

Svo virðist sem tóftin hafi verið einföld og opin í austur. Á yfirborði túnsins má nú greina 6-7 X 5 m þúst en sunnar hennar er einnig þýft. Norðan við þústina er hæð í túninu til suðurs samhliða túngarði en 2-5 m austar. Virðist hafa verið einhvers konar garður. Yfir þetta allsaman hefur nú verið sléttað og því erfitt að fullyrða nokkuð um nákvæma lögun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1918 og SSGK, 137

GK-017:003 *Hólsgarður* gerði útihús

63°50.056N 22°26.699V

"Syðst í svokölluðu Hólstúni, suðaustan við Tjörnina, rétt norðan við vegarslóða. Kálgarður/kartöflugarður með grjóthlöðnum vegg í kring." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum.

Útihús er við túngarð 026, rúmum 150 m suðsuðaustur af bænum 001 og beint suður af Vallarhúsum 026:001. Á þessum stað er merkt inn á túnakort frá 1918 útihús með kálgarði í kring. Kálgarðurinn og kofinn inn í honum eru suðaustan við Tjörnina. Gerðið er fast norðan við vegarslóða sem þarna liggur. Gerðið er austan í Sölvhól. Norðaustan við það eru sléttuð tún en sunnan við vegarslóði og hraunlendi.



Í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum segir: "Að innanmáli ca. 26 x 18 m, veggjahæð 0,5 - 1,3 m. Veggur er hlaðinn úr hraungrýti. Í suðausturhorni kálgarðsins er ferhyrnd rúst, sem að sögn heimildamanns (Guðjóns Þorlákssonar frá Vík) er gamall hrútakofi frá Járngerðarstöðum. Fast upp við þennan kálgarð (austan við) er annar kálgarður sem virðist eldri, hann er svipaður að stærð og sá fyrri, hlaðinn úr torfi og grjóti, veggjahæð 0,3 - 0,5 m. Veggir eru greinilegir austan og norðan megin, vesturveggur er sameiginlegur Hólsgarði en suðurhlíðin er ógreinileg, þó má greina smá

þúst þar. Aðrar upplýsingar: Guðjón Þorláksson sagði að svæðið allt, kálgarðarnir tveir, hrútakofinn og staðurinn þar sem hann heyrði að kotið hefði legið [sbr. 022:001], hafi ekkert breyst frá því hann man eftir sér. Hólsgarður var enn notaður sem kartöflugarður þegar hann var ungur." Rústirnar voru taldar í lítilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar.


Gerðið er tvískipt. Vestari hlutinn er grjóthlaðinn og 16 X 24 m að innanmáli. Í suðausturhorni hans er kofi, 7 X 4 m að utanmáli. Hann er tvískiptur og grjóthlaðinn en gróinn. Veggjahæð er víðast um 0,8 m. Austan við þennan hluta garðsins er um 8 m skarð áður en hægt er að greina austari hluta garðsins. Hann er um 15 m á breidd (auk 8 m sem nú eru horfnir) en um 22 m á lengd, samtals hefur hann því verið 23 X 22 m að stærð. Austari hlutinn er lægri og alveg gróinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918 og AS Járngerðarstaðir, 15

GK-017:004 gerði kálgarður

63°50.148N 22°26.744V



Inn á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður beint neðan við (sunnan við) vesturbæ Járngerðarstaða (001). Kálgarðurinn sést enn fast sunnan við Vesturbraut sem liggur fram hjá Járngerðarstöðum og áfram til vesturs.

Norðan við gerðið er malbikaður vegur, sunnan við garðinn er Dalur (vatnið) en annars eru sléttuð tún umhverfis.

Í kálgarðinum sjást nú leifar af torfi líkt og þar hafi síðar verið byggður kofi en hann er ekki merktur inn á túnakort frá 1918. Norðurveggur gerðisins er horfinn en suðurveggur er vel greinilegur og 45 m á lengd. Austur- og vesturveggir eru óskýrari (um 12 m á lengd). Innan kálgarðsins má sjá þústir á 3 stöðum þar sem líklega hafa verið einhverjir kofar. Garðlögin eru grjóthlaðin að utan en gróin að innan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:005 heimild um útihús

63°50.039N 22°26.584V

Útihús byggt við túngarð 026 og kálgarðaþyrpingu austur af 022:001. Húsið hefur staðið nálægt sjávarmáli, sunnan við útihúsbyggingar sem nú standa austan við vegar slóða. Ekki eru merki húsanna lengur greinileg enda stendur á túnakorti frá 1918 að þau séu að brotna í sjó. Fjara og plan við útihúsbyggingar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; AS Járngerðarstaðir, 16.

GK-017:006 Hlaðhús bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "...gömul." JÁM III. Ekki til í tali Johnsens 1847.

Ekki er vitað hvar Hlaðhús stóðu og örnefnið nú týnt. Helst er að giska á að húsið hafi verið í námunda við hlað Járngerðarstaða og var hnit tekið þar. Framan við Járngerðarstaði er nú malbikaður vegur (Vesturbraut) en lengra eru sléttar grasflatir og kálgarðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 19; JJ

GK-017:007 Lambhús bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "...bygð innan við xx ár." JÁM III. Ekki til í tali Johnsens 1847.

Ekki er nú vitað hvar Lambhús stóðu og er staðurinn óstaðsetjanlegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 17; JJ

GK-017:008 *Gullekra* heimild um sjóbúð

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir: Gullekra, hefur verið tómthús, búðarleiga var xx álnir."JÁM III. Staðsetning Gullekra er nú óþekkt og staðurinn óstaðsetjanlegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 19

GK-017:009 *Krubba* heimild um sjóbúð

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir...Krubba. Og svo tomt hús, búðarleiga xx álnir."JÁM III. Staðsetning Krubbu er nú óþekkt og staðurinn óstaðsetjanlegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 20

GK-017:010 *Litlu Gjáhús* heimild um sjóbúð

63°50.153N 22°26.514V

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir...Litlu Gياهوs, hafði grasnyt. Landskyld var 1 álnir."JÁM III. Litlu-Gjáhús hafa verið í námunda við bæinn Gamla-Gjácot (024:001). Þarna voru tvö býli, einnig nefnd Syðra- og Nyðra-Gjácot. Bæirnir voru rúmum 20 m austan og (eilitíð sunnar) en Vík (087). Um 20 m norðan við Verbraut, þar sem nú standa útihús. Engin ummerki sjást nú um húsið en á svipuðum slóðum og það stóð eru nú nokkur útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 20

GK-017:011 *Nyrðra Garðshorn* bæjarstæði býli

"Jb. 1803 telur og eyðihjáleigu, Nyrðra Garðshorn, hverrar nú eigi er getið."JJ

Engar sagnir eru uppi um hvar Nyrðra-Garðshorn stóð og er því ekki hægt að staðsetja býlið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JJ 1847, 84

GK-017:012 *Stekkjarkhóll* heimild um stekk

63°49.547N 22°27.915V

"Vesturmerki Járngerðarstaða eru frá Markhól, sem er við sjó [grasi vaxinn, ekki hár]..Vestan við Markhól er Hvalvík, sem er í Húsatóftalandi...Austan við Hvalvík er Katrínarvík. Austan við hana er Sandvík. Austan við það eru Hásteinar, sem eru hraunstandar upp úr kaminum. Austan við Hásteina er flöt hella, sem er upp úr um flóð og heitir Hella. Austan við Hellu heitir Malarendi. Næst Malarenda er Skyggfir, sem er hóll...Litli-Skyggfir var þar skammt vestar, lítill hóll lengra frá sjónum norður frá Stekkjarkhól.", segir í örnefnaskrá AG.

Stekkjarkhóll/Stekkjarkhóll er nokkru vestan við Hásteina og um 130 m austan við Markhól. Hóllarnir eru að mestu grasi grónir en steinar frá sjávarkambinum liggja þó á víð og dreif í hóllum. Stekkurinn var lengi greinilegur en nú er hann horfinn og kominn undir fjörुकambinn.

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir AG, 1

GK-017:013 *Gerðavellir* garðlag

63°49.810N 22°27.761V

"Sagt er að Junkarar hafi lagt upp í Stórubót við Gerðavelli, upp af Skyggfir, vestan við Rásina. Þar voru á Gerðavöllum allmiklar hlaðnar girðingar gamlar...Á Gerðavöllum er allt fullt af görðum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana, en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum), eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli, og hét þar Skipastigur.", segir í örnefnaskrá AG.

"Munnmæli um útgerð Þjóðverja í Grindavík herma að þeir hafi haft aðsetur á Gerðisvöllum, skammt norðvestur af Stóru bót í Járngerðarstaðalandi." segir í Sögu Grindavíkur I, 251.

"Á þessum slóðum voru aðstæður að ýmsu leyti hentugar aðkomumönnum, sem stunda vildu útgerð og kaupskap, en þurftu jafnframt að hafa vara á sér. Þeir voru utan meginbyggðarinnar í Járngerðarstaðahverfi, og á Stóru bót var bærileg höfn kaupskipum og þökkalegur útróðrastadur, a.m.k. yfir sumartímann. Aðstaða til fiskverkunar á Hellunum var góð og vestan Stórubótar rís hóll sá, sem Skyggfir heitir og er með hæstu hólum í nágrenninu. Af honum mátti, eins og nafnið bendir til, hafa gát á mannaferðum." segir í Sögu Grindavíkur I, 240-41.

"Heimildir um "Tyrkjaránið" 1627 herma, að þá hafi danska kaupskipið legið í Járngerðarstaðasundi, og af heimildum um ránið verður ekki annað ráðið en að á þessum tíma hafi búðir kaupmanns staðið í landi Járngerðarstaða. Þar mun verslunin og hafa haft bækistöðvar sínar til ársins 1939, en þá hættu kaupmenn að sigla á Grindavík ..." segir þar enn fremur á s. 253. Þegar verslun hófst á ný í Grindavík 1664 var hún færð til

Arfadalsvíkur


"Frá Stórubót [vik inn í landið við Malarenda] liggur Rásin inn í Gerðavallabrunna, sem eru upp af Gerðavöllum. En sjórinn víkkaði hana og brauzt inn á lægra svæði. Sjórinn gengur gegnum Rásina um flóð.", segir í örnefnaskrá AG.

150-200 m norðnorðvestan við hestaréttina (064) má sjá garðlag á Gerðavöllum sem liggur í tæpa 60 m til vestnorðvesturs áður en það beygir til norðurs. Garðlagið liggur í 140 m til norðurs en beygir þá til austurs í um 90 m áður en það fjarar út um 100 m suðvestan við Rásina. Garðurinn liggur um grasi gróið sléttlendi. Garðurinn sem enn sést er tæplega 300 m langur en víðast 1,5-2 m breiður. Hann er siginn og aðeins um 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2, 4; Saga Grindavíkur I, 240-41, 251, 253.

GK-017:014 gerði kálgarður



63°50.049N 22°27.056V
Kálgarður frá Vallarhúsum (026:001) er um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur með sjávarsíðunni þvert á Vesturbraut. Suðvesturhorn garðsins er 40-50 m norðnorðaustan við háan fjarskiptaturn. Austan við kálgarðinn er hæð en vestan hans er grasi gróin slétta.

Gerðið er 43 X 14 m að stærð og er því skipt upp á þremur stöðum. Hæð er 0,4 m,

breidd veggja er 1,3 m. Það er hlaðið úr torfi. "Á sléttum völlum vestan við túnið á Járngerðarstöðum, um 100 m frá sjó. Ein tóft með 3 hólfulum eða 3 tóftir (kálgarðar?) hlið við hlið. Hleðslurnar eru úr torfi og grjóti um 20 - 60 cm háar. Tóftin (tóftirnar) er ca. 5-6 m breið og ca. 17 m löng." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum og fylgir teikning og ljósmynd. Tóftin var talin í lítilli hættu vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2

GK-017:015 Fornavör örnefni lending

63°50.038N 22°26.502V

"Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör.", segir í örnefnaskrá AG. "... í vörnum tveim, Fornavör og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrr á öldum." segir í Sögu Grindavíkur I.

Fornavör var fast austan við fjárhús sunnan við veg sem liggur með sjávarsíðunni og tengist götunni Seljabót norðvestar. Hún er rúmum 300 m suðsuðaustan við Járngerðarstaði 001. Stórgrýtt fjara og sjávarkambur upp af henni eru nú á þessum stað. Ekki sjást merki um hvar lendingin hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 35.

GK-017:016 Draugalón örnefni draugur

63°50.023N 22°26.623V

"Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör [015]. Draugalón er í kvos milli Eystri-Þanghóls og Sjálfskvíarklappar. Það er fúll pyttur, 3-4 metrar á dýpt, sem þang safnaðist í og fúlnaði.", segir í örnefnaskrá AG.

Draugalón var lón í fjörunni, um 150 m suðaustan við Hólsgarð (003). Pyttur í fjörunni, afmarkaður af klettaskerjum í sjávarmálinu. Pytturinn er enn greinilegur í sjávarmálinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 2

GK-017:017 Sjálfskvíar örnefni kvíar

63°50.031N 22°26.604V

"Fram af Þanghólum og milli þeirra eru berar klappir, er heita Sjálfskvíar eða Sjálfskvíarklöpp, og Sjálfskvíarlón er þar fram af.", segir í örnefnaskrá AG. "Við klöppina, sem nefnd er Sjálfskvíarklöpp, hafa bændur vafalítið haft fé í kvíum, á meðan enn var fært frá, og er ekki ósennilegt, að nafnið sé þannig til komið, að kletturinn hafi verið notaður sem kvíaveggur og þarna hafi þótt hentugt að króa fé af. Líklegastir til að notfæra sér klöppina með þessum hætti voru bændur á hjáleigunni Kvíhúsum, sem stóð þarna niðurundir kampinum, og við hana er Kvíahúsakampur vitaskuld einnig kenndur." segir í Sögu Grindavíkur I.

Sjálfskvíarklöpp er klöpp í fjöruborðinu við Draugapytt. Á þessum stað er hamar í fjöruborðið, og grýtt fjara upp af, þar norðan við er raskað svæði. Engar kvíar eru lengur á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 34-35.

GK-017:018 *Stokkavör* heimild um lendingu 63°50.096N 22°26.159V

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör...", segir í örnefnaskrá AG. "... í vörunum tveim, Fornuvör 015 og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrir á öldum." segir í Sögu Grindavíkur I.

Stokkavör var næst austan við Suðurvör þar sem sjógarður er nú. Ofar er smágrýtt fjara og enn ofar (eða norðvestar) er sjávarkamburinn og vegur. Engin merki sjást nú um lendinguna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 35.

GK-017:019 *Suðurvör* heimild um lendingu 63°50.127N 22°26.083V

"Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsanef, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa afla við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörnum sem fyrir. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum tveim ..." segir í Sögu Grindavíkur I. "Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör...", segir í örnefnaskrá AG.

Suðurvör var þar sem nú er nýr sjógarður að baki handverkshúsi og beitingarskúrum. Nú hefur svæðinu verið umturnað og ekki sést lengur hvar lendingin var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36

GK-017:020 *Norðurvör* heimild um lendingu 63°50.144N 22°26.114V

"Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsanef, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa afla við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörnum sem fyrir. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum tveim ..." segir í Sögu Grindavíkur I. "Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk.", segir í örnefnaskrá AG.

Norðurvör var fast austan við Suðurvör, þar sem nú er sjávargarðurinn og steypuleifar hafnar sem byrjað var að byggja en komst aldrei í notkun. Sjóvarnargarður, sem byggður er úr miklum grjóthnullungum, er á þessum stað en engar minjar sjást nú um hvar lendingin var.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36.

GK-017:021 *Staðarvör* heimild um lendingu 63°50.199N 22°26.061V

"Skip Járngerðarstaðabænda reru úr [Norðurvör og Suðurvör], en fyrir innan þær var þriðja vörin og hét Staðarvör. Þaðan reru skip Skálholtsstóls á meðan enn var útræði á vegum stólsins í Grindavík. Dró vörin nafn af Skálholtsstað." segir í Sögu Grindavíkur I.

1703: "Skip stólsins ganga hjer venjulega iii eða iiiii, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so um lángrar stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsins hendi. Og hýsti heimabóndi þá skipshöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbyggð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans...Átroðning líður jörðin mikinn af hestum þeirra manna, er róá stólsins skipum..."JÁM III

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör. Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör.", segir í örnefnaskrá AG.

"Innan við Staðarvör tók við malarkampur, sem Staðarhúsakampur nefndist. Þar munu verbúðir Skálholtsstaðar hafa staðið á fyrri tíð. Þar fyrir innan var Svartiklettur ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

Stórgrýtt fjara neðan sjávargarðs og um 200 m austan við Suðurvör 019, verbúðirnar (129) voru upp af henni. Engin ummerki um lendinguna eru nú greinileg. Skálholtsbyggingarnar voru upp af fjörunni þar sem síðar stóð löng bygging, Kreppa. Undir austurenda hennar voru tóftirnar frá Skálholti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; JÁM III, 16, 20; Ö-Járngerðarstaðir ath., 2; Saga Grindavíkur I, 36.

GK-017:022 *Svíravarða* heimild um samgöngubót 63°50.261N 22°25.866V

"Næstur er Svartiklettur austan við Staðarvör, upp úr sjó á fjörunni. Þar upp af heitir Svíri...Á Svíra var hlaðin varða, Svírarvarða, en áður bar Svartiklettur þetta nafn.", segir í örnefnaskrá AG. Svírarvarða var áður við suðausturhorn fiskvinnsluhúss, þar sem sjógarður gengur til austurs. Hún var um 750 m austan við Járngerðarstaði 001. Þar sem varðan stóð eru nú tankar og fiskvinnsluhús.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

GK-017:023 *Kvíavík* heimild um kvíar 63°50.303N 22°25.907V

"Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfít, innan við Svíra.", segir í örnefnaskrá AG. "Næst fyrir innan Svíran var Kvíavík, en þar munu hafa verið kvíar frá Rafnshúsum eða Krosshúsum ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

Kvíavík var þar sem austurendi beinaverksmiðju er nú og vegarslóði liggur meðfram henni að norðaustan. Bygging og vegur en öll ummerki um kvíar eru löngu horfin. Fyllt var hér upp á árunum 1956-57.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 38.

GK-017:024 *Álfsfít* örnefni huldufólksbústaður 63°50.309N 22°25.816V

"Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfít, innan við Svíra.", segir í örnefnaskrá AG.

Ekki er annað vitað um staðsetningu Álfsfítar en að hún var norðaustan við Kvíavík, líklega þar sem bryggjan er nú. Staðurinn var sunnan við þar sem nú standa olfutankar. Svæðinu hefur verið umturnað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

GK-017:025 *Eyrargata* heimild um leið 63°50.453N 22°25.840V

"Sagnir voru um, að það væri kirkjugata frá Þorkötlustöðum að Stað, en þá átti Hóp að hafa verið grasi gróid vallendi. Sagnir voru einnig um, að Staður hafi verið í miðri sókn áður fyrr.", segir í örnefnaskrá AG. "Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfít, innan við Svíra. Úr vikinu til vestsuðvesturs vottaði fyrir troðningi um síðustu aldamót, sem kallaðir voru Eyrargata.", segir í örnefnaskrá AG.

Eyrargata lá eftir eyrinni til norðurs en beygði svo til austurs og var nálægt því að liggja samsíða Hafnargötu núverandi, suðaustan hennar. Gatan lá svo um Hópsbæina og áfram til austurs að Þorkötlustöðum. Gatan er nú horfin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

GK-017:026 *garðlag* 63°50.215N 22°26.827V

Leifar af garði eru greinilegar 100 m norðan við Járngerðarstaði. Garðurinn liggur um sléttuð tún norðan Járngerðarstaða. Garðurinn liggur í nokkra metra til suðurs áður en hann beygir til vesturs og er þá greinanlegur á 4 m kafla. Þá beygir hann aftur til suðurs í 35 m áður en hann fjarar út. Garðurinn er víðast 0,9 m á hæð en 1,5 m á breidd. Hann er grjóthlaðinn en nokkuð gróinn á köflum. Hugsanlegt er að hann hafi verið hluti af merkjum milli Járngerðarstaða og Garðshúsa eða jafnvel hluti af túngarði við Járngerðarstaði (sjá 029)



Skipstígur, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:027 *Skipstígur* gata leið

63°50.552N 22°27.142V

1840: "Miðvegurinn, sem ýmist kallast Járngerðarstaða- eða Skipstígsvegur, liggur í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell, og er þá Þórðarfell, Súlur og Stapafell allt að vestan og sunnanverðu." segir í sóknarlýsingu. "Sagt er að Junkarar hafi lagt upp í Stórubót við Gerðavelli, upp af Skyggfir, vestan við Rásina. Þar voru á Gerðavöllum allmiklar hlaðnar girðingar gamlar...Á Gerðavöllum er

allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana, en þeir reru til skiptis eftir vedri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum), eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli, og hét þar Skipstígur.", segir í örnefnaskrá AG.

Skipstígur var varðaður að hluta. Syðsta varðan 065 sést greinilega og hefur verið endurhlaðin á síðustu árum. Nokkru norðar, við girðingu hersins sést Títublaðavarða 034. Leiðin liggur um gróið hraunlendi. Leiðin var vörðuð og sjást nokkrar varðanna enn. Syðst má einnig sá móta fyrir ruddri braut í hrauninu 1,2-1,4 m breið en 0,2 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2, 4; Ö-Járngerðarstaðir ath., 3; SSGK, 129.

GK-017:028 *Traðirnar* heimild um leið 63°50.084N 22°26.926V

"Ganti er klettarni með grasi utan við túnhliðið, og Traðirnar voru þar frá bæ vestur úr.", segir í örnefnaskrá AG.

Traðirnar lágu frá bænum 001 og til suðvesturs. Nú liggur vegur (Vesturbraut) á þessum slóðum og ummerki um traðirnar því horfin. Traðirnar lágu þar sem nú er malarvegur, umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

GK-017:029 *túngarður* 63°50.052N 22°26.719V

"Túnhliðið á túngirðingunni að vestan hét Tíðahlið, en þá var grjótgardur í kringum túnið allt.", segir í örnefnaskrá AG.

Túngarður sést víða umhverfis tún Járngerðarstaða. Sunnan við tún sést garðurinn austan við Tjörnina og að Vesturbraut. Þar er hann rofinn á kafla en er aftur greinilegur að Sölvhól og alla leið að Hólsgarði 003.

Garðurinn liggur í jafri túna en utan hans er víðast gróið hraunlendi. Hann er 300-350 m langur, grjóthlaðinn en mjög gróinn á kafla. Nálægt 003 er hann næstum alveg útlattur. Vesturhluti hans er skýrastur en þar er hann 1,3 m á breidd og 0,8 m á hæð, grjóthlaðinn en gróinn. Garðurinn hefst um 20 m austan við Tjörnina.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

GK-017:030 *Hólsbyrgi* heimild um byrgi/eyktarmark 63°50.047N 22°26.662V

"Hólsbyrgi er grösug hæð utan túns. Þar var hádegi frá Járngerðarstöðum. Það er austan við Litlubót.", segir í örnefnaskrá AG.

Hólsbyrgi var í þyrpingu með Hóli (022:001). Skrásetjari kom ekki auga á tóftina sem lýst er hér á eftir og er hugsanlegt að hún hafi verið þar sem vegurinn er nú. Vegur og graslendi norðan við.

"Uppi á hól, sem kallast Hólsbyrgi eða Hádeghóll, norðan við vegarlóða sem liggur þar yfir. Þarna virtist vera lítill tóft. Skrásetjari gat þó aðeins greint þrjár hliðar og þar af eina greinilega. Tóftin er 5 m löng og 4 m breið að utamáli, hæð veggja 5 - 20 cm. Greinileg grjóthleðsla er í vesturlangvegg, en austurlangveggur og norðurgafli eru aðeins smá þústir. Gólfíð í tóftinni er aðeins lægra en umhverfið sem gerir hana greinilegri. Hugsanlegt er með tilliti til heitis hólsins, að þarna hafi verið einhverskonar byrgi. Guðjón Þorláksson, fæddur 1945, sem búið hefur þarna alla ævi, kannast ekki við að þarna hafi verið hús eða leifar húss." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Tóftin taldist í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 4; AS Járngerðarstaðir, 14

GK-017:031 *Hraunstekkirnir* stekkjartóft 63°49.965N 22°27.453V


"Þar vestan við túnið er Einisdalshraun, en suður af því eru Hraunstekkirnir.", segir í örnefnaskrá AG.

Tæpum 100 m austan við Rásina sjást leifar af öðrum Hraunstekki en hinn er alveg horfinn í lón sem er á þessum slóðum og hefur stækkað á síðustu árum. Stekkurinn er á grasi vöxnu svæði milli hraunbrúnar og lóns. Svæðið er þó sundurgrafið af lóninu og tóftin að hluta sigin og rofin sökum þessa. Líklegt er að tóft þessi hverfi í lónið á næstu árum.

Önnur tóftin er alveg horfin í lónið. Sú tóft sem enn sést er mjög sigin og ógreinileg á köflum. Hún er um 5 X 6 m að stærð og er tvískipt. Op er á norðurhlið tóftarinnar og einnig á milli hólfra (þ.e. stærra hólsins og annars hóls minna austan við það). Ekki eru miklir útveggir greinilegir en tóftin er niðurgrafin og hefur að auki sigið. Sunnan við tóftina er dæld þar sem hugsanlegt er að tóft hafi áður verið.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 4



GK-017:032 *Bóndastekkatún* örnefni stekkur

63°50.302N 22°27.224V

"Niður af Vatnsstæðinu, vestan við gamla heimabæinn, er Bóndastekkatún.", segir í örnefnaskrá AG. Nú eru sléttuð tún um 100 m sunnan við þjóðveg sem liggur til vesturs frá Grindavík. Bóndastekkatún var um 80 m norðan við girðingu sem girðir af tún frá Vatnsstæði og 400-500 m norðnorðvestan við Járngerðarstaði 001. Sléttuð tún

Ekki er lengur hægt að sjá leifar af stekk á þessum stað. Í túninu er hryggur sem liggur austur-vestur í boga, 80-100 m. Hugsanlega eru þetta leifar af garðlagi tengdu stekknunum í Bóndastekkjartúni en erfitt er að skera úr um það að svo stöddu máli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

GK-017:033 *Silfra* þjóðsaga

63°50.219N 22°27.268V

"...og haldið til heiðarinnar. Skammt fyrir ofan þorpið er gjáin Silfra. Er sagt, að í henni sé fólgin kista full af silfurpeningum.", segir í örnefnaskrá AG.

Silfra er norðan við Vatnsstæðið og um 350 m norðnorðvestan við Járngerðarstaði 001. Silfra er mjótt og aflangt vatnsstæði, umhverfis hana er grasivaxið sléttlendi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 5

GK-017:034 *Títublaðavarða*

63°50.552N 22°27.141V

"Fast við það [Vatnsstæðið] er varða við veginn til Keflavíkur, og heitir hún Títublaðavarða.", segir í örnefnaskrá AG.

Títublaðavarða er nú að mestu hrunin. Leifar hennar sjást þó enn á hæð um 20 m sunnan við girðingu sem afmarkar yfirráðasvæði hersins, 120-140 m norðan við þjóðveg sem liggur til vesturs frá Grindavík. Á hæð í mosavöxnu hrauni. Varðan er nú hrunin. Hún er 1,3 m í þvermál en 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 5


GK-017:035 *Baðsvellir* seltóftir

63°52.380N 22°26.034V



seltóftir, horft til norðvesturs

1703: "Selstöðu hefur jörðin og brúkar enn nú þar sem heita Baðsvellir, og kvarta menn um að þar sju haga oflitlir og þröngvirr. Ítem sje þar stórt mein að vatnsleysi, þá þerrar eru, og fyrir þessa lesti selstöðunnar segja menn fulla nauðsyn til að kaupa selstöðu annarsstaðar. Þessa brúkar bóndinn alleina." segir í jarðabók Árna og Páls. "Ef farið er yfir Selháls, sem er milli Þorbjarnar og Hagafells, taka við sléttir vellir, Baðsvellir. Sagt er, að þeir dragi nafn sitt af því, að þar hafi ræningjar baðað sig ... Alveg niður við hraun er hallandi graslendi. Þar er slétt laut Kvíalág. Þar með hrauninu eru tvennar seltættur



og hóll. Þar austan við heitir Stekkjarhóll." segir í örnefnaskrá AG. Rústirnar eru undir Þorbirni norðanverðum, í hraunjaðri, vestan við skógarjódur.

Syðst er þyrping, 5 hólf og klettur í miðjunni sem hólfir raðast utan um. Tvö syðstu hólfir virðast að mestu úr torfi en hin eru úr grjóti (og torfi). Þyrpingin er um 12 X 9 m. Um 8 m norðan við hana er hola, e.t.v. brunnur, um 1 m á dýpt. Þar norðan við, um 3 m er önnur tóft í austur-vestur (6 X 4 m) tvö hólf og aðallega grjóthlaðin. Norðan við þessa tóft eru tvær tóftir til viðbótar, önnur snýr austur-vestur en hin í norður-suður, báðar eru að mestu hlaðnar úr grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 16; Ö-Járngerðarstaðir AG, 5

GK-017:036 Stekkjarhóll stekkjartóftir

"Ef farið er yfir Selháls, sem er milli Þorbjarnar og Hagafells, taka við sléttir vellir, Baðsvellir.", segir í örnefnaskrá AG. "Sagt er, að þeir dragi nafn sitt af því, að þar hafi ræningjar baða sig...Alveg niður við hraun er hallandi graslendi. Þar er slétt laut Kvíalág. Þar með hrauninu eru tvennar seltættur og hóll. Þar austan við heitir Stekkjarhóll.", segir í örnefnaskrá AG. "Þetta með seltóftina og Stekkjarhól getur verið rétt. Þetta var þá víst í Hópslandi.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Vegslóði liggur frá þjóðvegi í austur-vestur norðan við skógarjódur. Norðan við hann eru mjög greinilegar en grónar tóftir. Þær eru norðaustan í skógjaðrinum, um 15 m frá honum en um 100 m frá hraunjaðri.

Þýft og mosagróid. Næst vegslóðanum eru grónar tóftar, eingöngu hlaðnar úr torfi, 2 hólf. Liggja í austur-vestur með op til suðurs. 6 m norðaustan við tóftina er um 2 m djúp hola, ekkert greinilegt op. Hún er nær hringlaga, um 3-4 m í þvermál. Lítið grjót er sjáanlegt. Sunnan við vegarslóðann er önnur hola, 1 m djúp e.t.v. brunnur og í skógarjaðrinum, sunnan brunnsins eru tóft. Hún er tvö hólf og klöpp á milli. Tóftin snýr norður-suður með op til norðurs. Grjót er í veggjum, mest um 3 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir AG, 6-7; Ö-Járngerðarstaðir ath., 3

GK-017:037 gerði kálgarður


Um 25 m norðan við þjóðveg eru leifar gerðis og kofa. Þetta er nálægt því þar sem ristahlið er á þjóðvegi sem liggur til vesturs frá Grindavík. Grasi gróinn bali milli hraunhryggjar og þjóðvegjar. Hraunhryggurinn norðan við er mosagróinn. Umhverfis gerðið eru hraunkambar nema suðaustan við en þar er uppblásið svæði meðfram þjóðvegi.

Gerðið er 17 X 20 m að stærð og hleðslur sýnast fremur nýlegar. Austurveggur þess er nær alveg horfinn. Gerðinu er skipt upp að innan og má sjá tvær hleðslur sem afmarka minni gerði inni hólfinu norðarlega. Einnig er í gerðinu hlaðinn kofi úr torfi og grjóti sem enn stendur. Kofinn er 5 X 4,5 m að stærð og op er á suðurvegg hans. Þakið er að mestu hrundið inn í tóftina. Virðist vera kartöflugarður.


Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir AG, 6

63°52.399N 22°25.853V



63°50.351N 22°27.352V



GK-017:038 Vörðugjá varða

63°91.270N 22°50.170V

"Austur af Stapafelli er gjá, sem á korti er nefnd Vörðugjá, en er trúlega hluti af Haugsvörðugjá.", segir í örnefnaskrá AG.

Nokkrar vörður sjást í röð norður-suður að Vörðugjá. Syðsta varðan er á gjánni sem er 340 m sunnan við vegarslóða sem liggur frá Þjóðvegi um 3,7 km (loftlína) vestan við þar sem Þjóðvegur liggur til Grindavíkur. Vörðurnar standa á hæðum í mosavöxnu hraunlendi.

Syðsta varðan (a) er um 340 m sunnan við vegarslóða. Hún er 1,5 m á hæð og í þvermál. Önnur varða (b) er um 100 m sunnan við (a). Hún er 2 m á breidd en um 1 m á hæð. 30 m sunnar er þriðja varðan (c) er 1,6 m á hæð en 1,5 m á breidd. 100 m sunnan við hana er fjórða varðan (d) sem er mikið hrunin, 1,5 m í þvermál en 0,3 m á hæð. 100 m sunnar er enn ein varðan (e). Hún er ferhyrnd, 1,3 m á hlið en 1,7 m á hæð. Sjötta varðan (f) er 120 m sunnar og er hún einnig ferhyrnd, 1,2 m á kant og 1,2 m á hæð. Sjöunda og nyrsta varðan (g), áður en komið er að gjánni, er 100 m sunnar, á sprungubrúninni. Hún er 1,5 m í þvermál og á hæð. Við vörðurnar má á köflum greina óljósa, rudda leið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir AG, 7


GK-017:039 gerði kálgarður

63°50.190N 22°26.376V

Fast suðaustan við Kirkjustíg 7 sjást leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1918. Garðurinn er á baklóð í nokkurri órækt við Kirkjustíg 7.

Garðurinn er greinilega talsvert siginn og hruninn þannig að sums staðar er hann allt að 2 m á breidd. Grjóthleðslur má sjá hér og hvar en víðast er garðurinn þó mjög gróinn. Hann er 25 X 20 m að stærð. Suðurhluti austurveggjar er rofinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-017:040 Akrakot bæjarstaði býli


63°50.216N 22°26.337V

"Fyrir aldamótin 1900 voru komin tvö býli auk fyrrgreindra. Þau hétu Akrahóll 083 og Akrakot. Það var kallað þurrabúð, grasnyt fylgdi ekki.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Akrakot er merkt inn á túnakort frá 1918 um 40 m suðsuðvestan við kirkju 081. Það var nálægt því sem Kirkjustígur 1 og 3 eru nú en austar. Leifar garðlaga eru austar þar sem nú er bakgarður íbúðarhúsanna. Sléttar bakgarður en merki garða umhverfis kotið sjást enn. Nokkur garðlög sjást á þessum stað, þau mynda 2 hólf og eru 47 m að lengd en 23 m á breidd og mynda 2 hólf.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir ath., 1



GK-017:041 Malarendarétt heimild um rétt

63°49.632N 22°27.671V

"Innan við grjótkampinn í Malarendum var fjárrétt, kölluð Malarendarétt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá. "Við hana var lítil kró. Þegar fært var frá, voru lömbin látin þar. Það var fyrir mitt minni [Sæmundar Tómassonar skrásetjara].", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Fjárréttin hefur verið vestan við litla vík sem er syðst í Stórubót. Hún var innan við Grjótkambinn en engin ummerki sjást nú um hana. Sléttuð grasflöt en við sjávarkambinn þar rétt hjá er mikið af grjóti á víð og dreif

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir ath., 1

GK-017:042 tóft óþekkt

63°50.267N 22°26.972V

220-230 m norðan við Járngerðarstaði er tóft. Hún er í horni girðingar sem girðir af tún og 50 m norðaustan við Vatnsstaði. Umhverfis eru sléttuð tún. Tóftin er einföld, snýr norðvestur-suðaustur og er 7 X 5 að utanmáli. Op er á norðvesturveggnum. Tóftin er stæðileg, hlaðin úr torfi og grjóti. Aðeins er byrjað að hrynja úr veggjunum. Að innanmáli er tóftin 4 X 3 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

**GK-017:043** gerði kálgarður

63°50.165N 22°26.711V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 beint framan við (sunnan við) Járngerðarstaði. Merki kálgarðsins eru enn greinileg rétt sunnan við Járngerðarstaðakjarnann. Sunnan við kálgarðsleifarnar eru sléttuð tún, norðan þeirra vegur og fast þar norðan við Járngerðarstaði.

Gerðið er 35 X 16 m að stærð, grjóthlaðið að utan en gróið að innan. Inn á túnakort frá 1918 er sýndur kofi inn í kálgarðinum en hann er ekki lengur sjáanlegur. Suður og austurhlíð kálgarðsins eru enn standandi og sömuleiðis syðsti hluti vesturgarðsins. Vesturveggur sést á 5 m kafla en lítið plan sunnan við veg hylur hluta af veggnum þó enn megi sjá hleðsluna í planinu. Greinileg er því að planið og vegarslóði sunnan Járngerðarstaða hafa skemmt gerðið að hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:044 *Járngerður* þjóðsaga um legstað

63°50.144N 22°26.516V

"Eitt örnefnið var við sjávargötu, þegar gengið var (til skips, sem kallað var) austur að lendingum. Á þá leið gengu sjómenn frá Járngerðarstöðum, Garðhúsum, Vallarhúsum, Velli og Gjáhusum, nú Vík. Það var lítil mishæð, svo sem um 30 fet á lengd og 10 fet á breidd og svo sem 4 fet á hæð, grasi vaxin. Þetta var kallað Járngerður.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá. "Þar átti að vera grafin sú merkiskona, sem eitt sinn bjó á Járngerðarstöðum, og mátti ekki við leiðinu hreyfa. En nú er það nú samt horfið fyrir nokkru.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Rannsókn í Gullbringusýslu og Kjósarsýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: "Járngerðaleiði hafa menn kallað dálítinn aflangan bala í túninu á Hrafnshúsum í Járngerðarstaðahverfi. Ég lét grafa í þann bala, og reyndist hann gamall öskuhaugur."BJ.

Balinn var þar sem Verbraut beygir í átt að Vík. Járngerðarleiði undir og við Verbraut, þar sem nú er gatan og grasblettur. Staðurinn er nú horfinn undir veg þar sem Vegbraut beygir í átt að Vík. Heimildamaður segir að piltar sem gengu frá Járngerðarstöðum til sjávar hafi ávallt farið fram hjá leiðinu þar sem það var talið boða lukku.

Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46

GK-017:045 *Vallarhúshola* lind

63°50.076N 22°26.718V

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamennirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

20 m norðvestan við norðvesturhorn kálgarðsins (003) er Vallarhúshola sem var brunnur. Þar er vík í Dal (vatninu) og sést greinilega hvar vatnið kemur upp. Staðurinn er um 70 m vestsuðvestan við Vallarhús (026:001). Grasivaxinn vatnsbakki. Vatnið kemur upp í hringlaga vík í vatnsbakkanum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

GK-017:046 *Hólshola* lind

65°50.094N 22°26.781V

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamennirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Í Dalsvatni, um 50 m norðan við túngarð (029) var brunnur Hólskots. Lítil tangi út í vatnið. Ekki eru greinileg ummerki þess hvar vatnið var tekið úr Dalsvatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

GK-017:047 *Heimrihola* lind 63°50.127N 22°26.705V
"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamenirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Brunnur Járngerðarstaða var ýmist nefndur Járngerðarstaðabrunnur eða Heimrihola. Hann var austan við Dalsvatn, nálæga þar sem girðing afmarkar nú land Vallarhúsa (norðan við girðingu). Þarna er vík í vatnsbakkann. Umhverfis er grasi vaxið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

GK-017:048 *Nautagjá* heimild um þvottastað 63°50.199N 22°26.948V
"Nautagjá. Hún er í útjaðri á túninu Drumbar og kemur þar í stað girðingar á svo sem 20 faðma lengd. "Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir...Kýr voru fjarska oft reknar til vatns í Nautagjá á vetrum, ef gott var, og þannig látvar bera vatnið sjálfar. Þessi vegalengd mun hafa verið nær eitt hundrað faðmar eftir túninu Drumbar, og gæti hugsazt, að nafn gjárinnar væri frá þessu komið í fyrstunni, að nautpeningur var þar oft við drykk.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Nautagjá liggur frá Vatnsstæðinu við norðurjaðar túns, um 100 m norðnorðvestan við Járngerðarstaði. Tún liggur upp að gjánni að norðan, sunnan og austan. Vestan við er Vatnstæðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir ath., 4, 6


GK-017:049 *Magnúsargjá* heimild um þvottastað 63°50.219N 22°26.962V
"Magnúsargjá. Það var í raun og veru sama sprungan [og Nautagjá]. Hún var í sömu stefnu og svo sem 15 faðmar á milli endanna. Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir, en ull í Magnúsargjá.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

10-15 m norðan við Nautagjá er Magnúsargjá sem liggur eins (austur-vestur) en nær nokkuð styttra til austurs en Nautagjá. Umhverfis er grasi gróið og eru tún austan við. Engin ummerki sjást nú um þvottastaðinn við Magnúsargjá en norðan við eru grjót á víð og dreif við austurenda gjárinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

GK-017:050 gerði 63°50.073N 22°27.057V



Gerði er um 20 m austan við 014, fast austan við vegarslóða sem liggur þvert á Vesturbraut. Gerðið er í grónum bala sem liggur frá hraunjaðri og að veginum. Gerðið er tví- eða þrískipt. Það er 30 X 20 m að stærð og liggur norður suður. Vegurinn vestan þess hefur skemmt það að hluta. Virðist helst hafa verið kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna vegar

GK-017:051 *Engelska lág* heimild um vígi

63°49.889N 22°27.251V

1532: "Gerði sagður Jóhann Breiði sér þá vígi eður virkisgarð skammt frá búðum á Járngerðarstöðum, sem enn sér merki og gerði orð með spotti þeim Hamborgurum að sækja til sín skreiðina. Tóku sig til hinir þýzku menn og Bessastaða fógeti, og komu óvart um nótt upp í Grindavík, komust upp í virki Jóhanns og slógu hann til dauðs og alla hans menn, en tóku skip og allt hvað þeir áttu. Þar sést kuml þeirra eða dysjar hjá virkisgarði." Skarðsárannáll. "Upp af Stórubót, á Hellum, sem kallaðar eru, má enn sjá ógreinilegar leifar af virki Englendingins Jóhanns Breiða ..." - "Aðsetur [enskra kaupmanna á fyrri hl. 16. aldar] var nokkuð fyrir vestan Járngerðarstaðabæinn, þar sem heitir "úti á Hellum" upp af Stórubót, og er líklegt, að þar hafi útræði þeirra og verslunarhöfn staðið. Á þessum slóðum hefur mikið land brotið á síðustu áratugum, og vafalaust einnig á fyrri öldum. Er því erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig aðstæður hafa verið fyrir nær hálfu árþúsundi. Þar sem nú er urð og gtjót, voru grænir grasbalar fyrir u.þ.b. hálfri öld. Enn má þó greina þarna nokkur ummerki mannvistar, og er t.d. töluvert eftir af hól, þar sem munnmæli herma, að virki Jóhanns Breiða hafi staðið ..." segir í Sögu Grindavíkur I. "... stóðu búðir Jóhanns Breiða og félaga hans skammt upp af Stórubót, sem er u.þ.b. einn kílómetra fyrir vestan Járngerðarstaðabæinn. Þar er örnefnið Engelska lág (eða laut), og herma munnmæli, að þar hafi Jóhann Breiði og aðrir Englendingar,

sem féllu í átökunum aðfaranótt 11. júlí 1532, verið dysjaðir. Um það bil 5-600 metrum vestar heitir Gerðisvellir (013)... Þar er líklegt, að búðir kaupmannanna frá Lynn hafi staðið." segir í Sögu Grindavíkur I, 246-47.

Tæpum 300 m suðvestan við Járngerðarstaða var Engelska lág. Hún er við sjávarborðið en nú hefur sjávarkampurinn hrundið yfir svæðið og því umhverfi nokkuð breytt. Slétt grasflöt, fjara og sjór.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 33, 240, 246-47; IA I, 93.

GK-017:052 *Barnaós* heimild um brú

63°50.297N 22°25.724V

"Á 17. öld herma sagnir, að maður nokkur hafi verið við þangskurð á Rifinu. Hann fór út, á meðan lágsjávað var, hafði með sér tvö börn, en gætti sín ekki, er sjór tók að falla að, og fór svo, að maðurinn gat bjargað sér í land, en börnin drukknuðu. Var ósinn, sem þau lentu í, nefndur Barnaós eftir það. Eftir þennan sorglega atburð herma sögur, að bændur hafi hlaðið fyrir ósinn, sem áður hafði verið grafinn inn í Hópið, og mátti ganga þar þurrum fótum, er lágsjávað var. kom þessi hleðsla í ljós, þegar Rifið var grafið út á árunum 1938-1939, og var u.þ.b. fimm metra breið og hnéhá." segir í Sögu Grindavíkur I.

Barnaós var þar sem nú er innsigling inn í Grindavíkurhöfn. Að ósnum liggur höfnin vestanmegin en sjávargarðurinn að austan.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Grindavíkur I, 37-38.

GK-017:053 *Þjófagjá* þjóðsaga

63°51.878N 22°26.448V

"Stór sprunga klýfur topp [Þorbjarnarfells] og heitir Þjófagjá. Þar herma munnmæli, að flokkur útileguþjófa hafi haldið sig og rænt og ruplað í Grindavík. Að lokum tóku byggðamenn sig til, fóru að þjófunum, gripu þá og hengdu í Gálgaklettum [016:016] ... Engar öruggar heimildir eru um það, að útileguþjófar hafi nokkru sinni hafst við í Þjófagjá, og engar mannvistarleifar hafa fundist þar." segir í Sögu Grindavíkur I.

Þjófagjá er stór sprunga sem gengur eftir Þorbirni endilöngum. Klettasprungu með grasi grónum botni. Sprungan er 10 m breið en allt að 80 m djúp. Hún snýr norðvestur-suðausturs. Botn hennar er grasi gróinn en engar mannvistarleifar sjást þar. Skúti er í sprungunni vestarlega en ekki sjást greinilegar mannvistarleifar á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Saga Grindavíkur I, 68-69.

GK-017:054 hleðsla

63°50.119N 22°26.961V

Hleðsla er 65 m norðvestan við Vesturbraut og fast utan (sunnan) við túngarð 029. Í grónu hrauni, rétt sunnan við sléttuð tún. Hleðslan er upp við klettavegg sem myndar suður- og vesturvegg tóftarinnar. Hleðslan er 2 m að lengd en 2 m lengra er túngarðurinn og grjóthrúga frá honum. Veggurinn er um 0,8 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er 1,5 X 2,5 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda





GK-017:055 hleðsla

63°50.104N 22°26.950V

Tóft er 35 m norðvestan við Vesturbraut. Tóftin er byggð út frá túngarðinum 029, um 30 norðaustan við 054. Þetta er um 60-70 sunnan við Tjörnina og um 40 m norðan við 056. Tóftin er fast utan við túnmörk í grasi grónu hraunsvæði. Norður (norðaustur) veggur hennar er túngarðurinn, suðurveggur er hraunbrún en austur- og vesturveggir eru hlaðnir. Op er vestast á norðurvegg. Að innanmáli er tóftin 5 X 2 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda





GK-017:056 hús

Hlaðið hús stendur fast austan við Tjörmina. Kofinn er um 100 m vestan Vesturbraut, um 200 m suðvestan við Járngerðarstaði 001. Kofinn er á grasi grónu hraunsvæði. Um er að ræða þrískipt hús. Tvö hölfanna snúa austur-vestur (með opi á austurvegg) og eru þau bæði undir þaki en þriðja hölfnið snýr norður-suður og op er á suðurvegg þess.

Samtals er kofinn 15,5 m X 8,5 m að stærð. Hann er grjóthlaðnir en sement hefur verið notað til að múra steinana saman í vegg. Bárújárnsþak er á kofanum. Til

suðausturs frá kofanum gengur hruninn garðangi til norðurs í tæpa 30 m en beygir þá til norðvesturs í 18 m áður en hann beygir aftur og liggur í 12 m að Tjörninni. Annað garðlag er frá norðurhlið kofans og í átt að túngarði (029). Bæði eru þessi garðlög ójós en hafa myndað e k. hölf austan við kofann.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:057 heimild um útihús

63°50.148N 22°26.744V

Milli tveggja kálgarða sem merktir eru inn á túnakort frá 1918 (og sjást enn 004 og 043) var áður útihús samkvæmt túnakortinu. Það var fast austan við 059.

Milli kálgarðanna er nú sléttuð tún.

Útihúsið var horfið fyrir minni Tómasar Þorvaldssonar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:058 heimild um útihús

63°50.041N 22°26.649V

Inn á túnakort frá 1918 er merktur kofi um 10 m suðsuðaustan við 022:001. Hann var nálega þar sem nú er vegarslóði.

Engin merki hússins sjást nú en það hefur staðið nálega þar sem vegarslóði er nú. Umhverfis er gróið hraunlendi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:059 heimild um útihús

63°50.155N 22°26.724V

Milli tveggja kálgarða sem merktir eru inn á túnakort frá 1918 (og sjást enn) var áður útihús samkvæmt túnakortinu. Það var fast vestan við 057. Milli kálgarðanna er nú sléttuð tún. Útihúsið var horfið fyrir minni heimildamanns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:060 heimild um útihús

63°50.151N 22°26.773V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihúsasamstæða sem tilheyrði vesturbæ Járngerðarstaða. Útihúsin voru 5 m vestan við vesturbæinn (001). Sólskáli hefur verið byggður fast vestan við íbúðarhúsið á Járngerðarstöðum. Engar leifar útihússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:061 heimild um útihús

63°50.116N 22°26.664V

Um 5 m austan við Vallarhús (GK-026-001) og eilítið sunnar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Engar leifar hússins sjást. Þar sem húsið stóð er nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:062 heimild um útihús

63°50.097N 22°26.623V

Um 50 m suðaustan við Vallarhús (GK-026-001) var hús samkvæmt túnakorti frá 1918. Girðing er nú vestan við þar sem húsið stóð og þar má sjá hleðslu í grasverðinum. Húsið hefur staðið þar í horni girðingar, um 140 m suðaustan við Járngerðarstaði 001. Sléttuð tún. Þar sem húsið stóð er hæð í túninu og má sjá steinhleðslu í túninu. Einungis má sjá glitta í hleðsluna í grasrótinni. Hún er um 5 m löng og liggur norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:063 heimild um útihús

63°50.093N 22°26.629V

Um 50 m suðaustan við Vallarhús [GK-026-001] var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Húsið var innan við 5 m sunnan við 062. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


GK-017:064 réttartóft

63°49.762N 22°27.680V

Hestarétt stendur enn uppi á hæð við Skyggni. Réttin er 150-200 m suðsuðaustan við Gerðavelli 013. Sunnan við réttina gengur tangi út í sjóinn en sunnan hans er Stórabót. Réttin er á hæð við sjávarmál á fremur flötu og grasigrónu svæði. Austan við réttina er fjara og sjór en vestan við er grasi vaxin slétta, nokkuð grýtt.

Réttin er einföld og alveg hlaðin úr grjóti. Hún er 11 X m að stærð. Ekki er lengur greinilegt op á henni en líklegast að það hafi verið nærri norðvesturhorni tóftarinnar. Hugsanlegt er réttinni hafi verið skipt upp áður en ekki sjást þess merki lengur. Réttin er byrjuð að hrynja en er mest 1,5 m á hæð. Tómas Þorvaldsson segir réttina hafa verið hestarétt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

**GK-017:065** varða samgöngubót

63°50.516N 22°27.099V

Um 60 m norðan við Þjóðveg sem liggur til vesturs frá Grindavík er varða í beina stefnu á Títublaðavörðu (034). Varðan er tæpum 200 m norðvestan við vesturenda Ásabrautar. Varðan er í mosavöxnu hrauni. Varðan er 1 m á hæð og í þvermál þar sem mest er. Hún var nýlega endurhlaðin. Við hana má sjá hvar rudd braut hefur verið (Skipastígur 027).

Hættumat: engin hætta

GK-017:066 heimild um útihús

63°50.168N 22°26.764V

Útihús var áður 5 m norðan við 067 og 25-30 m norðan við vesturenda austurbæjar Járngerðarstaða samkvæmt túnakorti frá 1918. Þar sem útihúsin stóðu er nú bárujárnsklædd útihús norðan íbúðarhúsanna á Járngerðarstöðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:067 heimild um útihús

63°50.168N 22°26.752V

10-15 m norðan við vesturenda austurbæjar Járngerðarstaða er merkt útihús á túnakort frá 1918. Þar sem útihúsin stóðu eru nú bárujárnsklædd útihús norðan íbúðarhúsanna á Járngerðarstöðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:068 heimild um útihús

63°50.1749N 22°26.747V

Fast norðan við 069 og rúmum 10 m ofan (norðan) við austurbæ Járngerðarstaða var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Þar sem útihúsin stóðu áður er nú nýlegt útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:069 heimild um útihús

63°50.168N 22°26.754V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús 5 m sunnan við austurbæinn á Járngerðarstöðum. Þar sem útihúsið stóð er nú malarplan milli íbúðarhúsa á Járngerðarstöðum og útihúsa sem standa norðan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:070 heimild um útihús

63°50.162N 22°26.748V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 fast austan við austurbæ Járngerðarstaða. Þar sem útihúsið stóð er nú malarlóði upp að bárujárnsklæddum útihúsum sem eru að baki húsasamstæðunnar á Járngerðarstöðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:071 heimild um útihús

63°50.092N 22°26.379V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, um 20 m sunnan við Akurhús (020:001). Húsið var nálega þar sem vegarslóði liggur nú, á mörkum hans og túna. Engin ummerki sjást um húsið. Túnjaðar og vegarslóði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:072 heimild um útihús 63°50.115N 22°26.370V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, fast norðvestan við Akurhús (020:001). Húsið stóð norðvestarlega á hólnum, um 30 m suðaustan við suðausturhorn kálgarðsins við Rafnhús (019:001). Sléttuð hæð í túni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:073 heimild um útihús 63°50.112N 22°26.352V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 fast norðaustan við Akurhús (020:001). Húsið var sunnan í sléttuðum hól en engin ummerki sjást um það nú.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:074 heimild um útihús 65°50.116N 22°26.335V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 30 m norðaustan við Akurhús (020:001). Í horni girðingar, innan túns. Um 7 m langa hleðslu má sjá samhliða girðingu á þessum stað, í grasverðinum. Suðvestan við hleðsluna eru dældir í háhólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:075 heimild um útihús 63°50.128N 22°26.353V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 30-40 m norðnorðvestan við Akurhús 020:002. Óræktarblettur milli uppistandandi húsa (verbúða?) og túna. Svæðinu hefur verið umturnað en þó virðist þar mega greina hleðsluleifar hér og þar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:076 heimild um bústað 63°50.163N 22°26.740V
Austurbær Járngerðarstaða var þar sem nú stendur grátt bárujárnsklætt hús sem merkt er inn á túnakort frá 1918. Húsið var byggt um aldamótin 1900. Bárujárnsklætt timburhús á steinsteyptum grunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918


GK-017:077 heimild um útihús 63°50.218N 22°26.669V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 5 m vestan við Garðhús (025-001). Þar sem húsið stóð er nú sléttuð hlað að baki steipta íbúðarhúsinu. Steipt íbúðarhús og hlað að baki.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:078 heimild um útihús 63°50.253N 22°26.429V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 innan við 5 m austan (norðaustan) við Krosshús (021-001). Þar er nú lóð við steinsteypt íbúðarhús Krosshóls. Slétt grasivaxin lóð við íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:079 tóft 63°50.276N 22°26.926V
Tóft er á hæð inni í afgirtu hólfi, 220-230 m norðan við Járngerðarstaði (001). Tóftin er 45 m austnorðaustan við 042. Umhverfis eru sléttuð tún.



Tóftin er 3,5 X 7 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðvesturvegg hennar. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er um 0,3 m á hæð. Að innanmáli er tóftin 1,3 X 2, 5 m. Um 20 m norðvestan við tóftina er hryggur í túninu sem liggur girðinga á milli. Hugsanlegt er að um sé að ræða leifar garðlags sem sléttuð hefur verið úr.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

GK-017:080 heimild um útihús 63°50.241N 22°26.439V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, 5-10 m norðaustan við Krosshús (021-001). Þar sem það stóð er nú steinsteypt íbúðarhús og lóð. Þar sem húsið stóð áður er nú sléttuð lóð milli íbúðarhúss (Krosshóls sem stendur nú) og bílskúrs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:081 kirkja 63°50.230N 22°26.327V
Kirkja er merkt inn á túnakort frá 1918. Kirkjan í Grindavík var vígð 26. september 1909. Hún stendur enn við Kirkjustíg. Garðurinn er sléttuður og þar eru nú leiktæki. Hér og þar má sjá bungur í garðinum en ekki var grafið í kirkjugarðinum. Bárujárnsklædd timburkirkja á steiptum grunni. Umhverfis kirkjugarðinn er steinsteypt

girðing. Kirkjugarðurinn er 30 X 29 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:082 *Gimli* heimild um bústað

63°50.214N 22°26.285V

Um 30 m suðaustan við kirkjuna er merkt hús inn á túnakort frá 1918. Húsið stendur enn við Víkurbraut 9 og var/er kallað Gimli. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og var byggt 1907. Gasflöt er frá kirkjunni að húsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:083 *Akrahóll* heimild um býli

63°50.200N 22°26.376V

"Fyrir aldamótin 1900 voru komin tvö býli auk fyrrgreindra. Þau hétu Akrahóll og Akrakot [040]. Það var kallað þurrabúð, grasnyt fylgdi ekki.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús um 15 m suðsuðvestan við garðlag (039) sem enn sjást leifar af. Fast vestan við garðlagið stendur nú járnklætt hús. Engin merki sjást um býlið. Íbúðarhús og flöt við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Járngerðarstaðir ath., 1

GK-017:084 heimild um útihús

63°50.192N 22°26.398V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús tæpum 20 m suðsuðvestan við 040 (Akrakot) og innan við 5 m suðsuðvestan við 083. Engar leifar sjást nú um húsið en það var um 10 m suðvestan við 086. Grasflöt í órækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:085 *Eyði* býli

63°50.174N 22°26.410V



tóft, horft til norðvesturs

Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús 15-20 m austan við Gjána og um 90 m suðsuðvestan við kirkjuna. Fast austsuðaustan við 086 og fast sunnan við vegarslóða eru leifar kálgarðs og lítillar tóftar sem hefur verið í námunda við bæinn en ekki sjást ummerki um sjálft býlið. Túnblettur milli Kirkjustígs 7 og Verbrautar.

Kálgarðurinn er víða ógreinilegur, sérstaklega að innan. Hann umlykur svæði sem er alls 57 X 32 m að stærð og tengjast 039. Svæðið skiptist upp í 6 hólf og í því er einn lítill kofi niðurgrafinn (1,5 X 1,5 m að innanmáli).


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-017:086 útihús

66°50.186N 22°26.415V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús 15-20 m austan við Gjánna og um 85 m suðsuðvestan við kirkju. Húsið hefur verið 5 m norðan við 085. Enn sjást leifar húss um 30 m suðvestan við Kirkjustíg 7. Óræktarblettur



Rutt hefur verið úr tóftinni að miklu leyti en þó má sjá að hún hefur a m k. verið 8 X 7 m en 4 m á hvora hlið að innan. Þar má greina grjóthleðslur en annars virðist tóftin að mestu úr torfi. Inn í henni eru leifar af timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:087 Vík heimild um bústað 63°50.173N 22°26.529V

Rúmum 90 m suðaustan við Garðshús (076) er bærinn Vík merktur inn á túnakort frá 1918. Húsið stóð vestan við fjárhús úr bárujárnri sem nú standa, nokkru austan við íbúðarhús sem nú er nefnt Vík. Vík var sunnan við Verbraut. Húsið stóð áður í vesturjaðri fjárhúsa sem nú standa. Enn eru steypuleifar á þessum slóðum, vestan og sunnan við fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:088 heimild um útihús 63°56.161N 22°26.504V

Rúmum 20 m austan (og eilítið sunnar) en Vík 087 eru merkt útihús inn á túnakort frá 1918. Þau hafa staðið inn í kálgarði sem merktur er inn á sama kort. Húsin voru nálægt því þar sem útihús standa nú en kálgarðurinn var sunnan við. Þar sem húsin voru er nú útihúsasamstæða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:089 Garður heimild um bústað 63°50.154N 22°26.473V

Um 25 m austan (norðaustan) við 087 er Garður merktur inn á túnakort frá 1918. Það hús sem merkt var inná túnakort 1918 er nú horfið en nýtt hús var byggt á sama stað 1932. Það stendur enn. Timburhús á einni hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:090 Hlið heimild um bústað 63°50.153N 22°26.456V

Um 65 m austan við Vík (087) er Hlið merkt inn á túnakort frá 1918. Húsið sem merkt er inn á túnakort stendur enn um 10 m norðnorðvestan við Rafnshús (019:001). Það var byggt árið 1912. Húsið er bárujárnsklætt timburhús sem er fast norðan við Verbraut.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:091 heimild um útihús 62°50.160N 22°26.457V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 10 m norðvestan við 090. Það er rétt austan við gjá sem merkt er inn á sama kort. Húsið hefur verið mitt á milli Hliðs (090) og Garðs (089) en um 10 m norðar. Engin ummerki sjást nú um húsið á þessum stað. Áður stóð timburhjallur á þessum stað. Hann var mikið hruninn 1970-80 og þá var hann rifinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:092 heimild um útihús 63°50.135N 22°26.436V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 5 m suðaustan við Rafnshús 019:001. Útihúsið var fast vestan við kálgarð 113, milli hans og bæjar. Sléttuð grasflöt er nú á milli kálgarðsins og bæjarins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:093 garðlag 63°50.193N 22°26.948V

Garðlag er um 150 m norðvestan við bæ (001) , í norðurjaðri túna sem liggja til norðurs frá Járngerðarstöðum. Það er 5 m sunnan við Nautagjá. Garðlagið liggur austan við Vatnsstæðið, í jaðri túna. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti. Það er 2 m á breidd en 0,9 m á hæð. Samtals er það um 30 m á lengd og nær til vesturs að Nautagjá.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

GK-017:094 heimild um útihús 63°50.139N 22°26.454V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 5 m sunnan við Rafnshús (019:001). Húsið var tæpum 20 m vestan við kálgarðinn (113). Engar leifar sjást nú um útihúsið, þar sem það stóð er sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:095 heimild um útihús 63°50.150N 22°26.157V

Um 320 m austan við Vík (087) og aðeins norðar er merkt hús inn á túnakort frá 1918. Það hefur staðið 190 m suðsuðvestan við kirkju, suðaustan við Vetrarbraut en suðvestan við þar sem Víkurbraut kemur á götuna. Svæðinu hefur verið umturnað, sléttað og hús (fiskvinnslu) byggt austan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:096 heimild um útihús 63°50.137N 22°26.172V

Um 40 m sunnan við 095 er merkt hús inn á túnakort frá 1918. Engin merki sjást um húsið. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:097 heimild um útihús 63°50.139N 22°26.141V

Rúmum 30 m suðsuðaustan við 097 er merkt útihús inn á túnakort frá 1918. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:098 *Sjólist* heimild um býli 63°50.191N 22°26.169V

Um 130 m austan (norðaustan) við kirkjuna er Sjólist inn á túnakort frá 1918. Húsið stóð nálægt gatnamótum Víkurbrautar og Vetrarbrautar þ.e. norðaustan við Víkurbraut og 10 m suðvestan við Garðsbraut. Á óræktarbletti milli Víkurbrautar og Garðsbrautar. Ekki sjást merki hússins lengur en garðlag sem hefur legið við það er greinilegt. Það liggur suðvestur-norðaustur að Víkurbraut.

Við norðausturenda garðlagsins er lítill, hlaðinn kofi, líklega kartöflugeymsla. Kofinn er nýlegur (um 25 ára) en garðlagið sem liggur að honum er eldra. Það er um 26 m að lengd, að kofanum. Suðaustan við garðlagið má sjá umrót þar sem húsið sem merkt er inn á túnakort hefur staðið).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:099 heimild um útihús 63°50.186N 22°26.167V

Um 140 m austan (norðaustan) við kirkju var áður hús samkvæmt túnakorti frá 1918. Húsið hefur verið um 10 m suðsuðaustan við 098, nálega þar sem gatnamót eru nú og var rífið til að útsýni bíla á gatnamótunum væri ekki takmarkað. Fremur sléttur óræktarblettur

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:100 heimild um fjárhús 63°50.225N 22°26.119V

Um 100 m norðan við Víkurbraut er merkt fjárhús inn á túnakort frá 1918. Húsið stóð sunnan við Akurhús 020:001, milli hússins og vegarslóða sem liggur frá Garðsvegi að Víkurbraut. Grasflöt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

GK-017:101 *Grund* heimild um býli 63°50.210N 22°26.190V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt býlið Grund. Það hefur staðið um 40 m norðan við Víkurbraut og 35 m norðvestan við 098. Á þessum stað er nú steinsteypt hús með kjallara, Víkurbraut 8. Það var byggt 1930 og þar var gamla símstöðin. Steinsteypta húsið var áfram kallað Grund líkt og eldra býlið á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:102 *Vesthús* heimild um býli 63°50.219N 22°26.230V

Vesthús eru merkt inn á túnakort frá 1918. Þau voru um 40 m austan við kirkju og um 20 m norðan við Víkurbraut. Þar sem býlið stóð er nú bakgarður norðaustan við íbúðarhús númer 10 við Víkurbraut.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:103 *Bjarg* heimild um býli 63°50.233N 22°26.179V

Bjarg er merkt inn á túnakort frá 1918, rúmum 50 m norðaustan við Vesthús (102) en rúmlega 80 m norðan við Víkurbraut. Þar sem Bjarg stóð áður er nú íbúðarhús. Steinsteypt, bárujárnsklætt íbúðarhús er nú þar sem býlið var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:104 heimild um útihús 63°50.229N 22°26.195V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1918 innan við 5 m suðvestan við Bjarg 103. Þar sem húsið stóð er nú malarslóði og grasi vaxin flöt norðvestan við þar sem Bjarg stóð (og nú er bárujárnsklætt hús).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:105 heimild um útihús 63°50.234N 22°26.189V
Hús er merkt inn á túnakort frá 1918, 5 m vestan við Bjarg (103). Baklóð er við íbúðarhúsið sem stendur þar sem Bjarg var áður. Nú er malarlóði og grasflöt norðan við, þar sem útihúsið var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:106 *Efri-Grund* heimild um býli 63°50.249N 22°26.229V
Efri-Grund er merkt inn á túnakort frá 1918 um 65 m norðaustan við kirkju og tæpum 30 m austan við Víkurbraut. Þar stendur nú steinsteypt, bárujárnsklætt hús (á steiptum grunni). Steinsteypt hús og bakgarður eru nú þar sem Efri-Grund var áður. Í bakgarðinum er á einum stað 6 m langur hryggur í túninu sem gæti verið leifar hugsanlegs garðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-017:107 *Hæðarendi* heimild um býli 63°50.268N 22°26.253V
20-30 m austan við Víkurbraut og 80-90 m norðaustan við kirkju er Hæðarendi merktur inn á túnakort frá 1918. Hæðarendi var um 7 m suðaustan við suðausturhorn Víkurbrautar 18 en Víkurbraut 18 var einmitt nefnt Nýi Hæðarendi á fyrstu árunum eftir að það var byggt. Enn sjást steypu- og steinaleifar þar sem Hæðarendi stóð en önnur ummerki eru ekki greinileg. Að norðan og austan er sléttuð grasflöt en sunnan við er malarplan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:108 heimild um útihús 63°50.272N 22.26.233V
5 m austan við 107 er hús merkt inn á túnakort frá 1918. Útihúsið hefur verið um 30 m austsuðaustan við Víkurbraut 18 þar sem nú er sléttuð grasflöt. Ummerki um útihúsið eru horfin en inn á túnakort er einnig merkt garðlag sem liggur frá húsínu og til norðausturs þar sem annað garðlag kemur það þvert. Síðastnefndi garðbúturinn sést greinilega. Nú er sléttuð grasflöt þar sem húsið var.
Einu leifarnar sem sjást eru garðleifar. Garðurinn er grjóthlaðinn en misstæðilegur, og liggur NNV-SSA, er mest 1,5 m á breidd en 1 m á hæð. Hann er 45-50 m á lengd en er gróinn og siginn syðst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:109 *Byggðaendi* heimild um býli 63°50.273N 22°26.192V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt húsið Byggðaendi um 110 m norðaustan við kirkju. Býlið var um 30 m austan við Hæðarenda 107. Býlið var þar sem nú er malarblettur en umhverfis eru grasi vaxin svæði í órækt í hrauninu.
Um 20 m sunnan við þar sem Byggðarendi stóð er garðlag sem líklega hefur verið í tengslum við býlið. Garðlagið liggur austur-vestur og er 33 m á lengd en 1 m á hæð. Það er tæpur 1 m á breidd. Garðlagið er hlaðið úr grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:110 heimild um útihús 63°50.273N 22°26.180V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt húsið Byggðaendi um 110 m norðaustan við kirkju. Á sama kort er merkt útihús um 5 m norðaustan við býlið. Nú er þar malarblettur en umhverfis eru grasi vaxin svæði í órækt í hrauninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:111 *Hraungerði* heimild um býli 63°50.293N 18°26.208V
Hraungerði er merkt inn á túnakort frá 1918. Býlið er sýnt um 150 m norðaustan við kirkju. Það var 10-20 m norðaustan við norðausturenda garðlags 108 sem liggur frá Hæðarenda 107. Nú er sléttuð malarhlað þar sem Hraungerði stóð. Í kring er mikið af hlöðnum garðlögum og ein tóft sem samkvæmt Tómasi Þorvaldssyni voru hlaðin á 9. áratug 20. aldar.
Tóftin er 6 X 7 m að stærð og hlaðin út grjóti og torfi. Hún er 2 X 3 m að innanmáli. Snýr norðaustur-suðvestur og op er á norðaustur vegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




GK-017:112 heimild um útihús 63°50.205N 22°26.356V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús fast suðaustan við Akrakot 040. Húsið hefur verið við Kirkjustíg milli húsa nr. 3 og 5, þó nær 5. Á hæð við íbúðarhús (nr. 5).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:113 gerði kálgarður 63°50.129N 22°26.416V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 10 m austan við Rafnshús [019:002]. Gerðið er enn greinilegt 10-20 m norðan við Verbraut. Gerðið er í sléttuðu túni.

Gerðið er 30 X 24 m að stærð og honum er skipt upp í tvennt með hleðslu sem liggur frá austri til vesturs. Gerðið er misgreinilegt, það er hlaðið úr grjóti en gróið. Hleðslur eru mest 0,8 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-017:114 garðlag

63°50.093N 22°26.381V

Frá kálgarði við Rafnshús 113 er greinilegt að garðlag hefur legið til austurs. Sléttað hefur verið yfir garðlagið en þó sést greinilega hvar það hefur legið frá kálgarðinum að vegarslóða sem liggur meðfram sjávarbakkanum á þessum slóðum. Garðurinn liggur í sléttuðu túni.

Þar sem garðurinn sést í sléttuðu túni er hann 60-70 m langur. Úr honum hefur verið rutt og yfir hann sléttað þannig að nú er hann víðast um 3 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



útflett garðlag, horft til norðurs

GK-017:115 frásögn af garðlagi

63°50.085N 22°26.416V

Mikið garðlag var 100-150 m austan við Rafnshús (019:001) þar sem nú er girðing í jaðri túns. Garðlagið hefur verið fast austan við vegarslóða sem þarna liggur hjá sjávarkambinum. Á mörkum túns, ekki sér lengur til garðlagsins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:116 garðlag

63°50.241N 22°26.586V

Svo virðist sem garðlag hafi legið frá Garðhúsum (025:001) til Krosshúsa (121:001). Enn má sjá hæð sem gengur eftir túninu norður-suður á þessum stað. Greinilegt er að sléttað hefur verið yfir garðinn en merki hans eru þó vel greinileg. Umhverfis er sléttað tún. Garðurinn er merkjanlegur á 80-100 m kafla. Hann er víðast 2-3 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:117 þúst

63°50.254N 22°26.676V

Um 30 m suðvestan við girðingu sem liggur umhverfis Garðhús [125:001] er þúst í renniléttu túninu. Hún er 50 m suðvestan við garðlagið sem liggur að Krosshúsum 116. Þústin er í renniléttu túni. Hún er 8 X 5 m að stærð

en 0,4 m á hæð. Ekki sjást dokkir ofan í rústina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:118 garðlag

63°50.258N 22°26.992V

Garðlag er um 30 m norðan við Magnúsargjá og 15 m vestan við tóft 079. Garðlagið er 150-200 m norðvestan við Járngerðarstaði. Á vatnsbakka, við sléttuð tún. Garðlagið liggur frá Vatnsstæðinu að horni girðingar (7 m frá) og í 45 m til austurs. Frá garðlaginu miðju gengur hæð til suðurs í boga og er hugsanlegt að það séu leifar eldra garðlags.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

GK-017:119 heimild um bústað


Í manntali 1703 er ónafngreind hjáleiga sem ekki er getið í jarðabók frá sama ári. Engar heimildir eru nú þekktar um nafn hjáleigunnar né staðsetningu og því er ekki hægt að staðsetja hana innan landamarka Járngerðarstaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Manntal 1703

GK-017:120 tóft

63°49.933N 22°27.479V



Tóft er fast vestan við enda lóns og um 700 m vestsuðvestan við Járngerðarstaði. Tóftin er 60-80 m austan við enda hleðslunnar sem liggur yfir Rásina. Tóftin er í dæld suðvestan við vesturenda lónsins.

Tóftin er 6 X 4 m að stærð og op er nyrst á vesturvegg hennar. Suðaustan við tóftina er hæð og er hugsanlegt að þar hafi einhvern tíma verið framhald tóftarinnar. Nú sést hinsvegar einungis eitt hólf, grjóthlaðið að innan.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-017:121 tóft

63°50.076N 22°27.129V



tóft, horft til norðvesturs



Lítill tóft er 15 m vestan við veginn sem liggur þvert á Vesturbraut og 60-80 m norðan við kálgarð 014. Hún er í

grónu hraunlendi.

Tóftin er 6 X 5 m að stærð og er opin til suðvesturs. Að norðvestan er ekki um eiginlega veggjahleðslur að ræða heldur ruðning úr smásteinum. Einu greinilegu vegghleðslurnar eru norðausturveggurinn. Tóftin er mynduð úr sérkennilegri blöndu af mjög stórum hnullungum og smásteinum.

Hættumat: hætta, vegna vegar

GK-017:122 frásögn af fjárhús

63°50.039N 22°26.637V

Heimildamaður man eftir 2 fjárhúsum við fjöruna milli kálgarðsins (003) og fjárhúss sem enn stendur. Fjárhúsin voru 250-300 m suðsuðvestan við Járngerðarstaði. Á þessum stað voru tvö fjárhús (sjá einnig 123) en það sem hér um ræðir stóð vestar og var frá Járngerðarstöðum. Ekki sjást merki húsanna. Þar sem þau stóðu er nú vegur og grjótkambur við fjöruna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:123 frásögn af fjárhús

63°50.044N 22°26.596V

Heimildamaður man eftir 2 fjárhúsum við fjöruna milli kálgarðsins (003) og fjárhúss sem enn stendur (um 60 m vestan við þau). Þau voru 250-300 m suðsuðvestan við Járngerðarstaði. Á þessum stað voru tvö fjárhús (sjá

einnig 122) en það sem hér um ræðir stóð austur og var frá Völlum. Ekki sjást merki húsanna. Þar sem þau stóðu er nú vegur og grjótkambur við fjöruna.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


GK-017:124 tóft

6350071N 22°26.774V

Lítill og einföld tóft er um 2 m norðan við túngarð 029 en 20-30 m norðan við nýlegan veg. Tóftin er 40-50 m vestan við kálgarðinn (003). Hún er á Sölvhól sem er grasi gróin kletthæð vestan við Dal (vatnið).

Tóftin er einföld og ógreinileg. Hún er 6 X 5,5 m að stærð en 0,3 m á hæð. Op virðist hafa verið á austurvegg hennar en tóftin er alveg sigin og ógreinileg og hugsanlegt að einhvern tíma hafi verið sléttað yfir hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




GK-017:125 tóftir

63°50.357N 22°26.366V

Tvær fremur unglagar tóftir sjást eru við vesturenda Sunnu- og Hellubrautar (mitt á milli). Nyrðri tóftin er 10 m austan við steiptan göngustíg. Grasflöt í grónu íbúðarhverfi.

Nyrðri tóftin er 6,5 X 4,5 m að stærð. Hún er hlaðin úr hraungrýti en alveg hrunin (0,3 m á hæð) og aðeins er ytra byrði hennar greinilegt. Gardlag hefur legið norðan hennar og er greinilegur 2-3 m frá tóftinni. 33 m sunnar er önnur tóft. Hún er byggð upp við hæð sem íbúðarhúsið Hraunteigur stendur á. Tóftin sýnist mjög nýleg og er hlaðin úr grjóti en steipt hefur verið á milli steinanna til að halda þeim saman, nema suðurhliðin sem er hlaðin á hefðbundin máta. Vesturhlið tóftarinnar er illgreinileg. Tóftin er samtals 9 X 6 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-017:126 tóft

63°50.285N 22°26.097V


Fast norðan við veginn Seljabót og um 30 m norðan við fiskvinnsluhús í eigu Þorbjarnar er hlaðin tóft á hæð.

Norðan og vestan við eru grasflatar í órákt, sunnan við er gata (Seljabót) og fiskvinnsluhús en austan við er malbikað plan.

Tóftin er L-laga. Hún virðist nýleg eða nýlega uppbyggð. Hún er 9 X 7 m að stærð og er op á

vesturvegg hennar. Í suðausturhorni hennar er hlaðið úr grjóti en steipt á milli. Annars er tóftin að mestu hlaðin úr grjóti sem nú er mosavaxið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




GK-017:127 byrgi

63°54.624N 22°25.237V

Um 220 m suður af 128, hinum megin vegarins (þ.e. sunnan hans) er hlaðið byrgi í hraunkvos. Það sést frá veginum þótt erfitt sé að koma auga á það því það fellur alveg inn í umhverfið. Mosagróin hraunkvos fast sunnan vegarins.

Grjóthlaðið byrgi utan í hraunbungu. Hraunbungan myndar austurvegg en hún er 2,5 m há. Op er á byrginu til suðurs. Hleðsluhæð er um 2 m, umför allt að 12 en hleðslur eru mjög mosagrónar. Byrgið er nær ferkantað að lögun. Hleðslur standa grónar en hrunið hefur úr suðurvegg inn í tóftina. Í norðausturhorni er lágur skúti inn í hraunbunguna, varla meira en 0,5 m hátt op. Sprunga er í bungunni og er hleðsla í botni hennar, þar sem sprungan myndi annars opnast inn í tóftina. Sprungan er aðeins um 0,5 m breið en 1 m djúp.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



GK-017:128 hleðsla

63°54.724N 22°25.103V

Um 7 km eftir Grindavíkurvegi, frá Grindavík er trappa yfir girðingu sem liggur austan vegarins. Þar nálægt er hellir og hlaðið fyrir munnann og utan við hann. Hellirinn sést ekki frá veginum en 4 vörður eru innan við tröppuna á girðingunni og má fylgja þeim að hellinum. Mosagróið hraun.

Hellirinn er náttúrulega myndaður í hraunið. Hraunhella myndar þak hans. Eins konar hraunrás. Hellismunninn snýr í austur og hefur verið hlaðið fyrir hann þannig að aðeins eru eftir dyr, mannhæðarháar í

miðju. Umför grjóts í hleðslunni eru mest 10 en hún er 0,5-1 m á þykkt. Einnig virðist hafa verið hlaðið eins konar gerði eða tröð að opinu, en það er mikið til hrúnið. Hleðslur eru mjög misgrónar. Hellirinn er talsvert djúpur, um 20 m og um 10 m á breidd. Hann er um 2 m hár fremst en lækkar mjög eftir því sem innar dregur. Í hellinum miðjum er afhelli til norðausturs. Hann er aðeins um 1 m á hæð og 10-15 m djúpur, 2-3 m breiður.

Hættumat: engin hætta

GK-017:129 Skálholtsbúðir heimild um verbúðir

63°50.199N 22°26.061V

1703: "Skip stólsins gánga hjer venjulega iii eða iiiii, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so um lángrar stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsins hendi. Og hýsti heimabóndi þá skipshöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbygð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans...Átroðning líður jörðin mikinn af hestum þeirra manna, er róa á stólsins skipum..."JÁM III.

"Innan við Staðarvör tók við malarkampur, sem Staðarhúsakampur nefndist. Þar munu verbúðir Skálholtsstaðar hafa staðið á fyrri tíð. Þar fyrir innan var Svartikleitur ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

"Þar var uppsátur Skálholtsbiskups og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum, voru þar fyrir vaðsteinar og brýniskubbar o fl. í axlardýpt.", segir í örnefnaskrá AG.


"Þegar S.T. fékk lóð þar upp af, svo sem fimmtíu faðma frá sjó, þar hafa þá sjóbúðir verið.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Stórgrýtt fjara er neðan sjávangarðs (021) og um 200 m austan við Suðurvör 019, verbúðirnar voru upp af henni. Engin ummerki sjást um verbúðirnar sem voru upp af henni. Síðari tíma mannvirki hafa máð út allar leifar. Skálholtsbyggingarnar voru upp af fjörunni þar sem síðar stóð löng bygging, Kreppa. Undir austurenda hennar voru tóftirnar frá Skálholti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-017:130 gerði kálgarður

63°50.162N 22°26.748V



Miklir kálgarðar eru á óbyggðu svæði austan við Staðarvör, sunnan við Ásbraut og norðan við Vesturbraut. Frá Staðarvör að Dalbraut er malbikaður göngustígur og er einn kálgarður norðan hans en stærstur hluti garðanna er sunnan við stíginn.

Kálgarðurinn sem er norðan við stíginn (A) er 31 X 13 m að stærð og greinilega mjög nýlegur, en kálgarðurinn er opin til suðurs. Um 130 m suðsuðvestan við A eru miklir kálgarðar B, samtals um 130 m á lengd en tæpir 40 m á breidd. Kálgarðinum er skipt upp á nokkrum stöðum og á einum stað er lítil kofarúst, 7 X 5 m að stærð. 140 m suðvestan við A og 20-25 m norðan við B eru svo þriðju garðleifarnar. Þar er L-laga garðlag (15 X 17 m) sem endar 10 m sunnan við syðsta hús í Staðarvör og sunnan við það (samfast garðlaginu)

er lítill kofi (7 X 4 m að stærð). Garðlag þetta er mest 1,8 m á hæð og nýlegt eins og öll garðlögin á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-017:131 heimild um bænhús

Tollur frá Járngerðarstöðum til Staðar og ákvæði um kirkjutíundargreiðslur, legkaup og legsöngskaup Járngerðarstaðamanna gætu bent til að þar hafi verið bænhús eða útkirkja. Engar frekari heimildir eru þó þekktar um bænhúsið og því ekki hægt að staðsetja það. Líklegast er þó að bænhúsið hafi verið nálægt bæjarstæði Járngerðarstaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI IV, 101-102

GK-017:132 herminjar

63°51.973N 22°26.329V

Á Þorbirni, um 200 m norðan við senda og hús við þá, eru miklar leifar herminja. Þær eru skammt norðan og austan upp veg sem liggur upp á fjallið. Á þessum stað voru braggar, samkomuhús og kirkja (?). Eins konar dalverpi í fjallinu. Mosavaxið í botninn en hlíðarnar hraungryti og gjall.

Stallur hefur verið hlaðin upp þar sem landið hækkar í dalverpinu, U-laga. Upp á sylluna eru hlaðnar tröppur á nokkrum stöðum. Víða á syllunni má sjá hvar braggar hafa staðið auk annarra bygginga stærri. Á einum stað má einnig sjá leifar einhvers konar arins. Í U-inu miðju hafa hús einnig verið. Herminjarnar eru á svæði sem er a.m.k. 150 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

GK-018 Kvíhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, meir en 50 ára gömul. JÁM III, 19.

1847: Enn hjáleiga. JJ, 85. Ekki í byggð **1822**, en eftir **1835** var þar búið samfleytt - Saga Grindavíkur II, 71.

GK-018:001 *Kvíhús* bæjarstæði býli

63°50.074N 22°26.412V

Hjáleiga 1703: "...yfir 1 ára gömul." JÁM III "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herrann vilji enn meiri miskunn á gjöra.."SSG

1840: "Í suður frá heimabænum." segir í örnefnalýsingu "Upp af Fornuvör [017:015] eru leifar eftir Kvíhús niðri á sjávarbakknum.", segir í örnefnaskrá AG.

Fornavör var fast austan við fjárhús sunnan við veg sem liggur með sjávarsíðunni og tengist Seljabót nokkru norðvestar. Hún er rúmum 300 m suðsuðaustan við Járngerðarstaði 017:001. Stórgrýtt fjara og sjávarkambur upp af henni eru nú á þessum stað. Engar leifar sjást nú um býlið sem var upp af Fornuvör.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM III, 17; Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; SSGK, 137

GK-019 Rafnshús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum - Hrafnshús, byggð á síðustu 40 árum - JÁM III, 19. Enn hjáleiga **1801** og **1847**. JJ, 85

GK-019:001 *Hrafnshús* bæjarstæði býli


63°50.083N 22°26.385V

Hjáleiga 1703: "byggð innan xl ára" JÁM III "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Hrafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." segir í sóknarlýsingu frá 1840. - "Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávangangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa." segir í Sögu Grindavíkur II.

Eldri Hrafnshús voru milli Akurhúsa (020:001) og Kvíhúsa (018:001) en engin merki sjást nú um þau. Þar sem þau voru er nú sjávangarður og vegur.

Hættumat: hætta, vegna sjávarágangs

Heimildir:JÁM III, 18; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 71.

*Hrafnshús, horft til norðurs*

sóknarlýsingu. "Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa." segir í Sögu Grindavíkur II. "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Hrafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." segir í sóknarlýsingu frá 1840. Ljósmynd af bænum er í Sögu Grindavíkur II, 70. "...bygð innan xl ára." JÁM III.

Hrafnshús eru merkt inn á túnakort frá 1918 um 170 m suðsuðvestan við kirkju en 220-230 m austan við Járngerðarstaði (017:001). Rústir Hrafnshúsa sjást enn til móts við Hlið [017:090], sunnan við Verbraut. Umhverfis eru sléttuð tún. Bærinn var rifinn að hluta 1920-30 en þá hafði hann nýlega verið endurbættur. Tóftirnar sem eftir standa eru í misjöfnu ásíggkomulagi. Heillegust er suðvestasta tóftin (hólfið) en það stendur uppi að mestu enda hefur það verið hlaðið og múrað upp með sementi á milli grjóthleðslanna. Norðan við þetta hólfið er annað hólfið eða gangur sem liggur eins (4 X 0,8 m) en norðan við það og þvert á það er þriðja hólfið (2 X 3,5 m). Austan og vestan við þessi hólfið er greinilegt að hleðslur hafa verið en þær eru nú hrundar og ekki er hægt að greina lögun þeirra.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 71.

GK-020 Akurhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga **1801** og **1847**. JJ, 85. Einnig Ekurhús í heimildum á fyrri hl. 19. aldar.

GK-020:001 *Akurhús* heimild um býli

63°50.112N 22°26.370V

1840: "Akurhús, út við garð, rétt í suðurátt." segir í sóknarlýsingu. "Upp af Fornuvör [017:015] eru leifar eftir Kvíhús [GK-018] niðri á sjávarbakkanum...Akurhús sópaðist af grunni í sjávarflóði 1925, en þá urðu nokkrir bæir að hólma. Kamburinn framan við Kvíhús og Akurhús er kenndur við bæina...Tangi gengur þarna fram, sem heitir Akurhúsaneff.", segir í örnefnaskrá AG. Hjáleiga 1703: "...bygð um langan aldur." JÁM III "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herrann vilji enn meiri miskunn á gjöra.." segir í sóknarlýsingu.

Akurhús eru merkt inn á túnakort frá 1918, 320-330 m austan við Járngerðarstaði (017:001). Húsið stóð sunnan í hól sem er innan túns, skammt sunnan við verbúðir við fiskvinnsluhús. Sléttaður hólfi í túni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 18; Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; SSGK, 137

GK-021 Krosshús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847, JJ, 85

GK-021:001 *Krosshús* heimild um býli

63°50.253N 22°26.442V

1840: "Krosshús í austur líka [frá heimabæ], en lengra frá og út við túngarðinn." segir í sóknarlýsingu. "Krosshús stóð nokkru austar en Garðhús "út við túngarðinn." segir í Sögu Grindavíkur II. Hjáleiga 1703: "...gömul hjáleiga." JÁM III

Krosshús eru merkt inn á túnakort frá 1918 um 160 m norðaustan við Garðhús (025-001). Þar stendur nú steinsteypt íbúðarhús, einnig kallað Krosshús og byggt 1928. Engin merki Krosshúsbylisins (sem stóð þar 1918) sjást nú. Nú stendur steinsteypt íbúðarhús með kjallara þar sem býlið Krosshús stóð áður.

Heimildir:JÁM III, 19; SSGK, 137; Túnakort 1918; Saga Grindavíkur II, 63

GK-022 Hóll

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum 1801 og 1847. JJ, 85. Þar var búið 1822 en lagðist svo í eyði og byggðist á ný fyrir 1840 og hélst svo fram yfir aldamót - Saga Grindavíkur II, 71.

GK-022:001 *Hóll* hleðsla býli

63°50.048N 22°26.651V


1840: "Hóll, rétt í útsuður út við túngarð." segir í örnefnalýsingu. Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús, rúmum 20 m austan við Hólsgarð 017:003.

Guðjón Þorláksson segist hafa heyrt sagnir um að þarna hafi staðið Hólshær. Á þessum stað má enn sjá T-laga hleðsluleifar, 8 m norðan við vegarlóða sem þarna liggur um en um 15 m sunnan við girðingu sem girðir af tún norðar. Grasi gróinn blettur milli sléttaðra túna og að vegarlóða. Talsvert er um grjót á víð og dreif á svæðinu sem nokkuð hefur verið raskað, og þar er rusl, timbur og grjót á víð og dreif.

Hleðslan er um 17 m að lengd (austur-vestur) en á hana kemur 3-4 m langur stubbur til suðurs um miðbikið. Hleðslurnar eru nokkuð óskýrar á kafla, þær eru úr grjóti en nú hrundar og grónar. "Í lægð eða laut austan við kálgarðana [017:003], í dag utan túngirðingar, en miðað við túnakort frá 1918 var tóftin þá innan girðingar, í suðurhorninu á Vallartúni. Ekki eru greinilegar rústir þarna, skrásetjari þóttist þó sjá tvær hleðslur. Önnur frá austri til vesturs, hin frá u.þ.b. miðri þeirri fyrri í suður og mynda þær einskonar T. ... Munnmæli. Guðjón Þorláksson í Vík í Grindavík, segist oft hafa heyrt að þarna hefði verið kot fyrir löngu. Gæti hafa verið ein af þeim hjáleigum sem hafa lagst í eyði vegna sjávargangs (aths. skrásetjara.)" segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Tóftin var talin í mikilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:JJ 1847, 85; SSGK, 137, Túnakort 1918; AS Járngerðarstaðir, 15.



GK-023 Lángi

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum 1801 og 1847. JJ, 85

GK-023:001 *Langi* bæjarstæði býli

63°50.169N 22°26.639V

"Austan við Járngerðarstaði var kot, sem hét Langi...Túnið milli Járngerðarstaða og Garðhúsa var Langatún.", segir í örnefnaskrá AG. Ekki er nú nákvæmlega vitað hvar Langi var. Þó er vitað að býlið var á milli Járngerðastaða og Garðshúsa og ekki eru nema um 100 m milli bæjanna. Þar, 30 m sunnan við Vesturbraut er hæð í túninu þar sem líklegast verður að teljast að býlið hafi verið. Tún eru á milli bæjanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JJ 1847, 85; Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

GK-024 Gjáhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 18. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85

GK-024:001 *Gamla-Gjákot* heimild um býli

63°50.161N 22°26.505V

1840: "Gjáhús, í landsuður að sjá að heiman; þar er tvíbýli." segir í sóknarlýsingu. "Frá Krosshúsum höldum

við í suðurátt, að Gjáhúsum, en svo nefndist þriðja hjáleigan í landi Járngerðarstaða. Þar var tvíbýlt alla 19. öld, og nefndust býlin Suður- og Norður-Gjáhús." segir í Sögu Grindavíkur II. Hjáleiga 1703: "...bygð um langan aldur." JÁM III

Gjáhús/Gamla-Gjácot var rúmum 20 m austar og (eilitið sunnar) en Vík (017:087). Þar er hús merkt inn á túnakort frá 1918. Það hefur staðið inn í kálgarði. Húsið hefur verið um 20 m norðan við Verbraut, þar sem nú standa útihús. Engin ummerki sjást nú um húsið en þarna standa nokkur útihús.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 18; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 67.

GK-025 Garðhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga **1801** og **1847** - JJ, 85

GK-025:001 *Garðshús* heimild um býli

63°50.202N 22°26.629V

1840: "Í austur frá heimabænum." segir í sóknarlýsingu. "Hjáleigan Garðhús stóð nokkru austan við heimabæinn á Járngerðarstöðum, lítið eitt norðar en stórhýsið, sem Einar G. Einarsson reisti og enn stendur. Síðasti torfbærinn stóð fram á þessa öld, og var hann notaður sem verbúð í nokkur ár, eftir að steinhúsið var byggt." segir í Sögu Grindavíkur II. Hjáleiga 1703: "...gömul." JÁM III. Teikning af bænum frá 1895 er pr. í Sögu Grindavíkur II, 61. 1879-1883: "Í Garðhúsum var vel hýst og húsakynni stærri en almennt gerðist í þá daga. Þar var stór og rúmgóð bekkbaðstofa ... Austur á hlaðinu stóð timburhús. Þar bjó formaður sjálfur ... Í timburhúsinu var lítil búð, og seldi hann kaffi, sykur, tóbak og brennivín." Frásögn Jóns Eiríkssonar pr. í Sögu Grindavíkur II, 169.

Garðhús er merkt inn á túnakort frá 1918, 80-100 m norður af Járngerðarstöðum. Þar stendur enn sama hús og merkt var inn á túnakortið en það var byggt 1914. Húsið er steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Það er norðaustan við Vesturbraut, nálega til móts við þar sem Verbraut kemur á hana. Austan við húsið er vegur en annars eru sléttuð tún umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 19; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 62, 169.

GK-026 Vallhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 17. Enn hjáleiga **1801** og **1847**. JJ, 85. Oftar nefnd Vallarhús.

GK-026:001 *Vallarhús* heimild um býli

63°50.125N 22°26.675V

Hjáleiga 1703: "Hefur verið um langan aldur." JÁM III

1840: "Vallarhús standa í suðurátt heiman að sjá innan í öllum kotakransinum." segir í sóknarlýsingu.

Inn á túnakort frá 1918 eru Vallarhús merkt. Þau voru um 80 m suðaustan við Járngerðarstaði [017:001], norðaustan við Dal [lítill tjörn]. Nú stendur bárujárnskofi og hleðslur fast norðan við þar sem bærinn hefur áður verið. Bærinn hefur staðið þar sem nú eru slétt tún norðan við litla tjörn. Bárujárnskofi stendur þar sem stærstur hluti bæjarins hefur verið áður. Hann hefur þó greinilega náð lengra til norðurs og austurs. Austan við er greinilegt hólf (9 X 9 m að innanmáli) en syðst í því er steypur kassi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 17; JJ, 85; SSGK, 137

4. Fornleifar og byggð

Sá hluti Grindavíkurhrepps sem kannaður var í fyrsta áfanga fornleifaskráningar vorið 2002 er sjálft kaupstaðarlandið, Hópsnes vestanvert og svæðið vestan og norðan við Grindavíkurkaupstað.

Á þessu svæði er landslag, eins og víðast annarsstaðar á þessum slóðum, gróf hraun, misvel gróin, alsett djúpum gjám er teygja sig í suðvestur-norðaustur og ekkert rennandi vatn á yfirborði. Byggð takmarkast við láglandisræmu meðfram sjávarsíðunni en í nágrenni kaupstaðarins, við sjávarsíðuna, er nokkuð af uppgrónum túnum og þar hefur byggð lengi verið þétt. Á þessum slóðum voru fjöldamörg býli með litlum eða engum grasnytjum. Norðan Grindavíkur verður hraunið úfnara. Þar trónir Þorbjörn, 243 m hátt móbergsfell, sem öðru fremur setur svip sinn á landslag á þessum slóðum. Austan við Þorbjörn er annað fell minna, Hagafell (um 120 m), og eru á kafla, austan þjóðveggar nokkrar hæðir í námunda við það. Norðaustan í Þorbjarnarfelli er mikil jarðhita ummyndun og í heild má segja að landslag á þessum slóðum beri merki mikilla eldsumbrota sem áttu sér stað, bæði stað fyrir og eftir landnám og því einkennist landslag á þessum slóðum öðru fremur af úfnum en mosavöxnum hraunlendis sléttum.

Bæjarhólar og bæjarstaði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum og öskuhaugum sem hafa hlaðist upp í tímans rás. Þeir geta orðið á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst fóru við uppbyggingu í landbúnaði á nýliðinni öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafir geta minjarnar í hólum geryðilagst.

Í 1. áfanga fornleifaskráningar í Grindavík var eingöngu skráður einn greinilegur bæjarhóll. Hann var á Hópi (GK-016:001) og sjást þar auk bæjarhólsins greinilegar leifar síðasta torfbæjarins á staðnum.

Líklegasta skýringin á því að ekki voru aðrir bæjarhólar greinilegir á svæðinu er sú að bæir hafa ekki staðið á sama stað nógu lengi til að mikil mannvistarlög hlaðust upp undir þeim. Stundum hafa þó síðari tíma byggingar vafalaust einnig eyðilagt þær mannvistarleifar sem höfðu safnast upp á staðnum. Á Járngerðarstöðum er ekki annað vitað en bæjarhúsin hafi um aldir alda verið á svipuðum stað og þau standa nú. Hugsanlegt er að ekki hafi hlaðist upp

miklar mannvistarleifar á þessum stað eða að framkvæmdir á síðustu öld hafi skemmt þann bæjarhól sem þar var fyrir. Á Járngerðarstöðum standa hins vegar gömul bárujárnsklædd hús sem eru meðal elstu húsa í Grindavík og mynda saman fallega bæjarþyrpingu.

Það sem helst einkennir fornleifar í og við Grindavík er návígið við sjóinn og nýting hans. Svæðið er ekki gjöfult landbúnaðarsvæði en helsta lífsviðurværið var sjósókn. Því varð snemma nokkuð þéttbýlt á svæðinu og voru byggðar fjölmargar hjáleigur og þurrabýli úr landi Járngerðarstaða. Merki þessa sér í fornleifaskráningunni. Á svæðinu voru samtals skráð 33 bæjarstæði. Þessi mikli býlafjöldi ásamt ýmsum minjum um sjósókn er það sem helst einkennir fornleifar í og við Grindavík. Flest þessara býla eru lítil, oft þurrabúðir sem treystu á fiskveiðar. Elstu býlanna er getið í fornum jarðabókum en misjafnt er hvort þau hafa haldið velli eða farið í eyði. Ummerki um þau hafa í mörgum tilfellum horfið og týnst. Oft er ógjörningur að staðsetja hjáleigur eða býli þar sem engar upplýsingar eru nú þekktar um þau, aðrar en nafnið og hvenær býlið var í byggð.

Í flestum tilfellum voru engin merki býlanna greinanleg á yfirborði jarðar (sbr. Melber (016:025), Hópsbær eystri (016:031), Hópskot (016:050), Hópsnes (016:057), Hlaðhús (017:006), Lambhús (017:007), Nyrðra-Garðshorn (017:011), Akrahóll (017:083), Vík (017:087), Garður (017:089), Grund (017:101), Vesthús (017:102), Bjarg (017:103), Efri-Grund (017:106), Hæðarendi (017:107), Hraungerði (017:011), Kvíhús (018:001), Hrafnshús (019:001), Akurhús (020:001), Krosshús (021:001), Langi (023:001) og Gamla-Gjákot (024:001)). Á nokkrum stöðum má greina þústir, tóftir eða garðlög í eða við bæjarstæðin (sbr. Skjalda (017:002), Eyði (017:085), Sjólist (017:098), Byggðarendi (017:109), Hrafnhús yngri (019:002), Hóll (022:001) og Vallarhús (026:001)) en í öllum tilfellum er um að ræða unglegar leifar. Á Járngerðarstöðum (017:001), í Gimli (017:082) og í Hliði (017:001) standa bárujárnsklædd hús sem hafa nokkuð varðveislugildi og það hús sem merkt er sem Garðhús á túnakort frá 1918 stendur einnig en það er steinsteypt íbúðarhús.

Útihús og túngarðar

Útihús í túnnum og nærri bæjum eru víða horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum vegna túnasléttunar og byggingarframkvæmda. Þrátt fyrir það er oftast vitað hvar útihús stóðu, ýmist af túnakortum frá 1918 eða eftir ábendingum heimildamanna. Alls voru skráð 48 útihús á svæðinu en ummerki um flest þeirra eru löngu horfin. Í langflestum tilfellum var hlutverk og aldur útihúsanna óþekkt en þekkt voru 3 fjárhús og 1 hesthús.

Túngarðsleifar voru skráðar á bæði Járngerðarstöðum (017:029) og Hópi (016:010). Í báðum tilfellum sjást aðeins partar af gördunum en þeir eru horfnir á stórum köflum. Auk þessa eru brot af garðlögum víða og má vera að sum þeirra séu leifar frá búsetu á hjáleigum eða þurrabúðum.

Kuml og kirkjur

Ekki hefur fundist heillegt kuml á skráningarsvæðinu svo að vitað sé. Sögusagnir greina frá Járngerðarleiði (017:044) skammt frá bænum. Brynjúlfur Jónsson lét grafa í sumarið 1902 og kom þar einungis í ljós öskuhaugur.

Tollur frá Járngerðarstöðum til Staðar og ákvæði um kirkjutíundargreiðslur, legkaup og legsöngskaup Járngerðarstaðamanna gætu bent til að þar hafi verið bænhús eða útkirkja (DI IV, 101-102). Í bréfi um byggingu jarða Skálholtsstóls í Grindavík frá 1563 er boðið að breyta bænhúskúgildum þeim sem voru á Hrauni, Þórkötlustöðum og Hópi í leigukúgildi (DI XIV, 201) og gæti það verið vísbending um bænhús á þessum stöðum. Það er því líklegt að bænhús hafi einhvern tíma verið, bæði á Járngerðarstöðum og Hópi en ekki eru þekktar frekari heimildir um þau né heldur er staðsetning þeirra þekkt.

Sóknarkirkja var á Stað allt til ársins 1909. Þá var hún aflögð og önnur vígð í Járngerðarstaðahverfi, þ.e. núverandi Grindavíkurkaupstað. Kirkjugarður Grindvíkinga var hins vegar áfram að Stað og er enn í dag og því hefur aldrei verið grafið við Grindavíkurkirkju.

Stekkir og sel

Í þessum áfanga voru skráðir 5 stekkir. Þeir eru nú allir horfnir af yfirborði jarðar nema annar Hraunstekkjanna (017:031) í landi Járngerðarstaða. Aðrir stekkir hafa vikið fyrir framkvæmdum eða ágangi sjávar (016:007, 017:012, 017:032 og 017:036).

Á skráningarsvæðinu voru 3 kvíar (016:009, 017:017 og 017:023) en engin merki þeirra eru nú greinileg.

Leifar annarrar af tveimur réttum í landi Járngerðarstaða sjást hinsvegar enn. Var hún notuð sem hestarétt (017:064) og eru hleðslur hennar enn nokkuð greinilegar.

Á svæðinu voru skráð tvö sel. Annars vegar var seltóft í landi Hóps á Selhálsi. Þar sjást leifar einnar tóftar, skammt austan við þjóðveg. Nokkru vestar, í landi Járngerðarstaða,

eru seltóftir (017:035) á Baðsvöllum. Þar getur að líta 4-5 tóftir og brunn í hnapp. Flestar tóftanna eru hlaðnar úr hraungrýti og eru þær allar nokkuð stæðilegar.

Leiðir

Alls voru skráðar 6 leiðir í þessum áfanga. Yfirleitt var um að ræða styttri leiðir innan jarðar eða milli bæja (sjá 016:026, 016:035, 017:025 og 017:028). Tvær þjóðleiðir voru þó skráðar. Önnur þeirra er Skógafellsleið, en afleggjari hennar lá frá aðalveginum (sjá GK-011:018) að Hópi (016:020). Hin eiginlega Skógafellsleið var einnig nefnd Vogavegur og lá frá Þórkötlustöðum, austur fyrir Stóra-Skógfell og í Voga eins og nöfnin gefa til kynna. Hin leiðin er Járngerðarstaða- eða Skipstígsvegur (017:027) sem lá frá Stórubót í Járngerðarstaðalandi í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell.

Báðar leiðirnar liggja að verulegu leyti um úfin hraun og eru vel merkjanlegar á köflum. Fallegar vörður eru með báðum leiðum og er þeim viðhaldið, enda eru þetta nú vinsælar gönguleiðir.

Útgerð og verslun

Eins og eðlilegt verður að teljast voru á svæðinu skráðir allmargir staðir er tengdust fiskveiðum á einn eða annan hátt og eru þessar fornleifar það sem einna helst einkennir fornleifaskráningu í Grindavík. Fyrst ber að nefna að flestallar þær hjáleigur sem skráðar voru höfðu lítil sem engin grasnyt heldur voru þurrabúðir eða tómhús og byggðu afkomu sína á sjósókn. Einnig voru skráðar 6 lendingar (1 í landi Hóps (016:008) en 5 í landi Járngerðarstaða (017:015, 017:018-021)), 3 sjóbúðir (allar í landi Járngerðarstaða (017:008-010)) og 2 fiskikofar (í landi Hóps (016:040 og 016:055)). Aðeins var skráð eitt uppsátur (í landi Hóps (016:006)) og ein verbúð (í landi Járngerðarstaða (017:129)) en ólíklegt annað en þau hafi verið fleiri þó heimildir greini ekki frá þeim. Auk þessa voru skráðar voru 5 sjóvörður á svæðinu, allar í landi Hóps (016:004, 016:014, 016:019, 016:046 og 016:047).

Verslun í Grindavík fór að miklu leyti fram í landi Járngerðarstaða (sjá 017:013) fram að Tyrkjaráni en eftir það var hún færð til Arfadalsvíkur. Minjar um verslunina eru ekki áberandi í dag en þó má sjá leifar garðlaga á Gerðavöllum sem tilheyra áttu Þjóðverjum sem höfðu þar aðsetur og örnefnið Engelska lág ber vitni um aðsetur enskra kaupmanna á 16. öld.

5. Niðurstöður

Nú er lokið fyrsta og öðrum áfanga fornleifaskráningar í Grindavík. Samtals hafa nú verið skráðir 404 minjastaðir í Grindavíkurbæ og yfirlit um þá útgefið í tveimur skýrslum. Þriðja og síðasta áfanga verður svo lokið árið 2003. Ætla má að með skýrslunum fáiist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á umræddu svæði þótt ekki sé þar með sagt að hún sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á alla þekkta minjastaði og við þá yfirreið fundust allmargir staðir sem heimildir gátu ekki um. Heildarfjöldi skráðra minjastaða í þessum áfanga er 200. Hættumat var gert fyrir alla minjastaði. Í fyrsta áfanga skráningarinnar var sjálft kaupstaðarlandið og næsta nágrenni þess skráð og því töldust flestar minjanna, rúmlega 90% eða um 181 staður, í hættu vegna nálægðar við byggð. Einstaka minjastaðir töldust í hættu vegna landbrots og sjávarágangs en einungis 19 fornleifar töldust ekki í neinni hættu.

Varðveisla og kynning minja

Á skráningarsvæðinu er ein friðlýst fornleif þ.e. svonefnd Goðatóft á hlaði vesturbæjar Hóps (016:002). Munnmæli greina svo frá að Hóp hafi upphaflega heitið Hof, og að þar hafi verið goðahof. Goðatóftin var friðuð árið 1930 vegna þeirrar sagnar sem henni fylgdi að hún hefði verið "goðahús" í heiðni. Trú manna var sú að húsið mætti aldrei eyðileggja en þó mætti breyta því og nota það á hvern hátt sem ábúanda best þætti. Var því goðahúsið notað sem geymsla og síðar fjós en tóftir þess standa enn óhreyfðar. Ekki er friðlýsingaskilti á tóftinni.

Stór hluti fornleifa í og við Grindavík er horfinn vegna túnasléttunar, bygginga, vegagerðar eða annarra þeirra framkvæmda sem fylgja byggð í þéttbýli. Enn sjást leifar einstaka tófta og garðlaga innan bæjarmarka, en það eru þær minjar sem lengst eru frá þéttbýli sem helst hafa varðveist óraskaðar.

Menningartengd ferðaþjónusta er nýtt hugtak hér á landi en er vafalaust vaxandi atvinnugrein. Ekki þarf mikill tilkostnaður að fylgja kynningu minjastaða. Víða væri til bóta að setja upp skilti með örnefnum, upplýsingum um minjastaði, aldur þeirra og hlutverk. Þetta er sérstaklega mikilvægt því að umferð fólks á skráningarsvæðinu er töluverð. Slíkar merkingar eru líklegar til að stuðla að varðveislu fornleifanna auk þess sem þær auka á gildi þeirra jafnt fyrir bæjarbúa og gestkomandi. Þá mætti hugsa sér að skipuleggja gönguleiðir með tilliti til fornleifa þar sem viðkomustaðir væru vandlega merktir og jafnvel væri hægt að útbúa lítinn bækling með upplýsingum um það sem fyrir augu ber.

Hópsnes/Þorkötlustaðanes er söguríkt svæði sem gæti hentað vel til kynningar. Nú þegar er ágætur akvegur um nesið og meðfram honum nokkur skilti er veita upplýsingar um hrikaleg sjóslys og mannskaða er orðið hafa úti fyrir nesinu. En meðfram veginum er líka mikill fjöldi minja og skemmtilegra örnefna sem ástæða væri til að kynna fyrir almenningi (sjá skrá yfir fornleifar í Hópi GK-016). Margar minjanna eru raunar ekki ýkja gamlar en það rýrir ekki kynningargildi þeirra því fyrir vikið eru þær afar greinilegar. Auk þess tengjast þær allflestar útgerð og vitna um lífsbaráttu og örlög fólks í Grindavík fyrr á öldum.

Vinna mætti mörg spennandi rannsóknarverkefni um þróin byggðar á svæðinu en hún hefur nokkur athyglisverð sérkenni. Á svæðinu eru þrjár byggðarkjarnar, Þorkötlustaðahverfi, Járngerðarstaðahverfi og Staðarhverfi, sem allir byggja tilveru sína að verulegu leyti á sjósókn og verslun, enda land á þessum slóðum varla nýtilegt til meiriháttar búskapar. Vissulega má finna svipaða þróun á öðrum stöðum við sjávarsíðuna en þau eru ekki jafn afgerandi

Sem dæmi um nokkra minjastaði sem hafa varðveislu-, kynningar eða rannsóknargildi má nefna:

-*Bæjarhóll (og tóft) Hóps* sem er eini bæjarhóllinn á skráningarsvæðinu og hefur sem slíkur varðveislugildi.

-*Skógarfellsleið (016:020)* og *Skipstígur (017:029)* eru báðar fornar leiðir til og frá Grindavík og sjást merki þeirra enn. Skógarfellsleið hefur nú verið merkt og hefur þegar gildi sem gönguleið fyrir almenning og má hugsa sér að Skipstígur gæti gegnt svipuðu hlutverki.

-Ein best varðveitta minjaheildin á skráningarsvæðinu eru *selrústir* á Baðvöllum (017:035). Þar eru nokkrar tóftir í ágætu ásigkomulagi, stutt frá bíslóða og í skemmtilegu umhverfi við hraunbrún. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.

-Annar forvitnilegur staður er um 7 km norður af Grindavík þar sem eru *hellir (017:127)* og *byrgi (017:128)*. Báðir staðirnir gætu hentað vel til kynningar þó ekki hafi fundist heimildir sem gefa vísbendingu um aldur þeirra eða nákvæmt hlutverk.

-Á Þorbirni sjást leifar mikilla *hermannvirkja (017:132)*. Þar má í raun sjá leifar lítils þorps sem var á fjallinu. Herminjar eru ekki fornleifar samkvæmt skilgreiningu laga og njóta ekki friðhelgi en þar sem staðurinn er skemmtileg heimild um kafla í sögu landsins þá er ástæða til að stuðla að varðveislu hans. Akvegur er upp á fjallið og aðgengi því gott og gætu herminjarnar aukið á útivistargildi svæðisins.

-Ástæða er til að vernda þær leifar sem sjást á *Gerðavöllum (017:013)*. Þaðan stunduðu Þjóðverjar útgerð og verslun og sjást ennþá leifar garðlags sem er talið vera frá þeim tíma. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.

-Í sjálfu þéttbýlinu er ekki mikið af heillegum minjum. Hlífa ætti þeim minjastöðum sem eftir standa við óþarfa raski og möguleikar eru á að kynna þá staði sem eru einkennandi fyrir bæinn. Í þessu samhengi má nefna *Hrafshús* (019:002) þar sem enn standa leifar torfbygginga og garða inni í Grindavík miðri og nálægt smábátahöfninni, í landi Hóps, er hlaðið *uppsátur* (016:006) sem er lítt raskað.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Túnakort, Þjóðskjalasafn Íslands. Grindavíkurhreppur 1918.

Ö-Hóp ath: Athugasemdir við örnefnaskrá Hóps. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hóp: Örnefnaskrá Hóps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Járngerðarstaðir AG: Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Járngerðarstaðir ath: Athugasemdir við örnefnaskrá Járngerðarstaða. Sæmundur Tómasson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Prentaðar heimildir

BJ: Brynjúlfur Jónsson: “Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*, 31-52.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Suðurstrandarvegur 2300. Bjarni F. Einarsson. 2000. Fornleifastofan.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-13, Kh. 1913-90; 12-13 Rv. 1990.

JJ: Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.

Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur: Agnes Stefánsdóttir: *Fornleifaskráning*. Rannsóknarskýrslur 2001, Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík, 2001.

Saga Grindavíkur I: Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800*, Grindavík 1994.

Saga Grindavíkur II: Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur II. 1800-1974*, Grindavík 1996.

SSGK: *Sýslu- og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III) Rv. 1937-39.

Heimildamenn

Kristinn Þórhallsson f. 1938

Tómas Þorvaldsson f. 1919

Þorsteinn Guðmundsson

Minjakort fyrir Járngerðarstaði og Hóp



N



GK-017:038



GK-017:128

GK-017:127



Minjakort fyrir Hóp - Þéttbýli

N



kilometers

Minjakort fyrir Járngerðarstaði - Þéttbýli

Lágafell

N

